

Nefndasvið Alþingis  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Reykjavík 19. janúar 2010

**Ákærendafélagi Íslands hefur borist til umsagnar með bréfi allsherjarnefndar frumvarp til laga um breytingu á lögum um dómstóla nr. 15/1998, með síðari breytingum 100 mál.**

Ákærendafélagið telur það vera framfaraspur að fækka héraðsdómstólum í einn og það eigi að gefa aukið svigrúm til að hagræða og tryggja markvissari nýtingu fjármuna og starfskrafta héraðsdómstóla.

*Athugasemdir við 6. gr. frumvarpsins*

Í 6. gr. frumvarpsins er gerð grein fyrir breytingum á 17. gr. laga nr. 15/1998, um dómstóla er varða ráðningu og störf aðstoðarmanna. Aðstoðarmenn veljast oft úr hópi ungra, óreyndra og nýútskrifaðra lögfræðinga, ekki er krafist starfsreynslu og starf aðstoðarmanns er hugsað sem námsstaða. Eingöngu er ætlast til að aðstoðarmenn gegni því starfi í 5 ár, en þó að hámarki 10 ár, sbr. 1. mgr. 6. gr. frumvarpsins.

Með 2. mgr. 6. gr. er gerð sú breyting á 17. gr. laga um dómstóla, að aðstoðarmönnum verður heimilað að fara með allar dómsathafnir aðrar en dómstörf tengd einkamálum, þar sem vörnum er haldið uppi, og sakamál frá því þau koma til aðalmeðferðar. Í þessu felst að aðstoðarmenn geta úrskurðað í málum vegna þvingunarráðstafana svo sem vegna gæsluvarðhalds og símhlustunar. Þeir geta dæmt í málum þar sem sakborningur játar, sbr. 164. gr. laga nr. 88/2008, um meðferð sakamála. Með lögum 88/2008 voru afnumin þau takmörk sem voru í 125. gr. eldri laga nr. 19/1991, um að fram þyrfti að fara aðalmeðferð í játningarmálum ef brot vörðuðu fangelsi lengur en átta ára. Aðstoðarmönnum verður því samkvæmt þessu heimilað að meta hvort ástæða sé til að draga í efa játningu sakaðs manns í alvarlegum málum eins og manndrápsmálum, og ákveða honum refsingu telji hann játninguna standast, sbr. 164. gr. laga nr. 88/2008.

Ákærendafélagið telur mjög hæpið að það fyrirkomulag sem lagt er til með 2. mgr. 6. gr. frumvarpsins sýni frelsi manna, sem er meðal mikilvægustu mannréttinda, nægt tillit og tryggi á fullnægjandi hátt vandaða meðferð sakamála. Þótt eflaust megi færa rök fyrir því að aðstoðarmenn getið áritað stefnur eða sinnt öðrum slíkum verkefnum þar sem

**áfi**  
Ákærendafélag  
Íslands

viðfangsefnið er eingöngu fjárhagsleg verðmæti, verður að gera aðrar og meiri kröfur þegar fjallað er um frelsi og æru manna í sakamáli.

*Ábyrgð dómstjóra*


Ákærendafélagið telur einnig ástæðu til að gera athugasemd við að dómstjóri getið borið ábyrgð á störfum aðstoðarmanna eins og rakið er í 2. mgr. 6. gr. frumvarpsins. Gert er ráð fyrir að einungis einn dómstjóri verði kosinn fyrir allt landið, sbr. 5. gr. frumvarpsins. Dómstjóra, sem verður þá væntanlega staðsettur í Reykjavík, er ætlað að bera ábyrgð á dómstörfum aðstoðarmanna við starfsstöð dómstólsins á Akureyri, svo dæmi sé tekið. Er erfitt að sjá hvernig slík ábyrgð getur verið meira en að nafninu til þar sem eftirlit dómstjórans er mjög erfitt eða jafn vel útilokað.

*Athugasemdir við a. lið 1. mgr. 2. gr. frumvarpsins*

Í þessari grein er fjallað um breytingar á 2. málslíð 1. mgr. 13. gr. laga nr. 15/1998, sem fjallar um skipun Dómstólaráðs. Í ákvæðinu er kveðið á um að Lögmannafélag Íslands skuli skipa fulltrúa í Dómstólaráð úr hópi starfandi hæstréttarlögmannna. Ákærendafélagið vill benda á að ákærendur, þar á meðal ríkissaksóknari, gætir hagsmuna fyrir dómstólum sem jafn mikil ástæða er til að gætt sé innan Dómstólaráðs. Lagt er til að Ákærendafélaginu verði gert að leggja til einn fulltrúa í Dómstólaráð eins og Lögmannafélagið og komi hann úr hópi skipaðra saksóknara. Hvernig þessi breyting verður útfærð, er látið liggja á milli hluta.

Ákærendafélaga Íslands lætur sig einkum varða málefni á sínu sviði, einkum er varðar starfsumhverfi ákærenda, sakamálaréttarfars og refsiréttar. Félagið telur því ekki ástæðu til að gera frekari athugasemdir við lagafrumvarpið en að framan greinir.

Virðingarfyllst,



Helgi Magnús Gunnarsson formaður

Alþingi  
Erindi nr. P 138/416  
komudagur 3.12.2009



Nefndasvið Alþingis  
Allsherjarnefnd  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Reykjavík, 2. desember 2009

**Efni: Umsögn BSRB um frumvarp til laga um breytingu á lögum um dómstóla, nr. 15/1998 (sameining héraðsdómstóla), þskj. 104 - 100. mál.**

BSRB hefur fengið til umsagnar frumvarp til laga um dómstóla. Bandalagið styður hvers kyns aðgerðir ríkisins í hagræðingarskyni sem hafa ekki áhrif á réttindi hins almenna borgara. Þrátt fyrir að ekki sé með beinum hætti tilgreint í frumvarpinu hvar eða hversu margar starfsstöðvar dómstóla munu verða eftir breytingu lýsir bandalagið yfir áhyggjum um jafnan aðgang að dómstólum gangi tillögurnar eftir. Verði raunin sú að hluti dómstóla á landsbyggðinni verði lagðir niður telur BSRB mikilvægt að öllum sé tryggður jafn aðgangur að dómstólum og sé ekki gert að leggja út fyrir auknum kostnaði vegna ferðalaga sökum þess o.þ.h. kostnaði vegna þess að ekki sé lengur starfandi dómstóll í grennd við heimabyggð viðkomandi.

BSRB gerir ekki aðrar athugasemdir við frumvarpið að svo stöddu.

Fyrir hönd BSRB,

*Helga Jónsdóttir*  
Helga Jónsdóttir

framkvæmdastjóri

Dómarafélag Íslands

Alþingi  
Erindi nr. P 138/419  
komudagur 3.12.2009

Reykjavík, 30. nóvember 2009.

Nefndasvið Alþingis,

Austurstræti 8-10,

121 Reykjavík.

Með tölvubréfi frá allsherjarnefnd Alþingis, dags. 12 nóvember sl., var óskað umsagnar Dómarafélags Íslands um frumvarp til laga um breyting á lögum um dómstóla nr. 15/1998, með síðari breytingum.

Stjórn Dómarafélags Íslands hefur fjallað um ofangreint frumvarp og um það var fjallað á fundi Dómstólaráðs með dómurum og starfsmönnum dómstólanna 20. nóvember sl. Á öðru leyti hefur takmarkaður tími gefist til að ræða frumvarpið meðal dómara. Á ofangreindum fundi komu fram margvíslegar athugasemdir við frumvarpið. Meðal annars lutu þær að því að ekki lægi fyrir kostnaðarmat við sameiningu dómstólanna og vegna breytts hlutverks dómstólaráðs, en í umsögn fjármálaráðuneytisins um frumvarpið kemur beinlínis fram að lögfesting frumvarpsins leiði ekki til beins sparnaðar í rekstri héraðsdómstóla, sem þó átti að vera megintilgangur lögfestingar þess. Jafnframt hafa komið fram athugasemdir frá dómurum af landsbyggðinni sem leggjast gegn svo víðtækri sameiningu dómstólanna sem lagt er til í frumvarpinu.

Þá vekur Dómarafélag Íslands athygli á, að áður en lagt er af stað með breytingu eins og fyrirhuguð er á dómstólalögum, sé nauðsynlegt að gera sér grein fyrir hvort þessi breyting muni í raun stuðla að styrkingu dómsvaldsins sem sjálfstæðs og óháðs dómsvalds. Er að mati dómarafélagsins nauðsynlegt að undirbúa þessar breytingar rækilega og hafa gott samráð við dómara um þær, svo að breytingarnar skili því markmiði sem að er stefnt með lögnum.

Dómarafélag Íslands hefur undir höndum athugasemdir Dómstólaráðs og tekur undir þær athugasemdir þess að rétt sé, að einungis verði að svo stöddu gerðar minni háttar breytingar á lögum um dómstóla.

Í ljósi fyrirsjáanlegs gríðarlegs á dómstólana næstu misseri tekur Dómarafélag Íslands undir tillögur Dómstólaráðs er lúta að fjölgun dómara og þær tillögur Dómstólaráðs að ákvæði frumvarpsins um dómsvald aðstoðarmanna verði óbreytt. Þá er tekið undir þá tillögu

Dómstólaráðs að rýmkuð verði heimild 5. mgr. 15. gr. laga um dómstóla til flutnings mála milli dómara, til þess að ná því markmiði að jafna álag milli dómstóla.

Virðingarfyllst,

f.h. Dómarafélags Íslands

Ingveldur Einarsdóttir

Ingveldur Einarsdóttir, formaður

## Dómsmála- og mannréttindaráðuneytið

### Minnisblað

Viðtakandi: **Allsherjarnefnd**  
Sendandi: **Dóms- og mannréttindaráðuneytið**  
Dagsetning: **10.12.2009**  
Málsnúmer: **DKM09020162**  
Bréfalykill: **4.1**

Efni: Endurskoðun dómstólalaga nr. 15/1998

Ráðuneytinu hefur borist umsögn dómstólaráðs um frumvarp til breytinga á lögum um dómstóla. Í umsögninni er m.a. rakið efni bréfs dómstólaráðs til ráðuneytisins frá 11. febrúar 2009 þar sem fram kemur að dómstólaráð hafi lagt til að settur yrði á laggirnar starfshópur til að endurskoða dómstólalögin. Hafi dómstólaráð óskað eftir að eiga fulltrúa í þeim hópi og talið heppilegt að auk fulltrúa dómsmálaráðuneytis ætti fullrúi réttarfarsnefndar þar einnig sæti í ljósi þess að innan nefndarinnar hefði á liðnum árum verið unnið að ýmsum hugmyndum og tillögum að breytingum á dómstólalögum. Slíkt verklag mundi auk þess leiða til umtalsverðs tímasparnaðar í ljósi þess að ætlunin væri að leggja fram tillögur til breytinga á dómstólalögum sem til framkvæmda kæmu á árinu 2010 og væri því nauðsynlegt að verkinu miðaði hratt og vel áfram. Segir svo í umsögn dómstólaráðs: „Svo fór að þessi faglega nefnd eða starfshópur var aldrei sett á fót. Í lok júní fól dómsmálaráðherra réttarfarsnefnd að semja frumvarp til breytinga á lögnum og lauk því verki í fyrri hluta júlímánaðar. Ekki var mælt fyrir frumvarpinu á sumarþinginu, en það var lagt fram til kynningar 23. ágúst sl. Frumvarpið var síðan ekki rætt í fullskipuðu dómstólaráði fyrr en 19. október sl., en þann dag var efni þess jafnframt rætt við dómstjóra. Frumvarpinu var útbýtt til þingmanna 23. október sl. og mælt fyrir því 27. sama mánaðar...“

Af tilvitnuðum orðum má ráða að dómstólaráð hafi ekki að neinu leyti verið haft með í ráðum þegar skoðað var hverjar breytingar skyldi gera á dómstólalögnum í framhaldi af bréfi ráðsins til ráðuneytisins heldur hafi ráðuneytið einhliða tekið þá ákvörðun að fela verkið réttarfarsnefnd. Því vill ráðuneytið að fram komi að á tímabilinu 4. mars til 12. júní í ár voru haldnir þrjú fundir með starfsmönnum dómsmálaráðuneytisins og framkvæmdastjóra og formanni dómstólaráðs og einn fundur með starfsmönnum dómsmálaráðuneytis, framkvæmdastjóra og formanni dómstólaráðs og fulltrúa réttarfarsnefndar þar sem rædd voru málefni dómstólanna og breytingar á dómstólalögum þ.á m. hugmynd dómstólaráðs um sameiningu þeirra. Stóð ráðuneytið í þeirri trú að orðið hefði að samkomulagi milli aðila að réttarfarsnefnd yrði fengið það hlutverk að semja frumvarp til breytinga á dómstólalögum sem byggðist á þeim hugmyndum sem settar voru fram í bréfi dómstólaráðs frá 11. febrúar 2009 og því samráði sem farið hafði fram milli ráðuneytisins og dómstólaráðs í framhaldi af bréfi dómstólaráðs til ráðuneytisins.

Á fundi dómsmálaráðuneytisins og dómstólaráðs þann 7. þ.m. var m.a. rædd umsögn dómstólaráðs um frumvarpið. Kom fram á þeim fundi vilji beggja aðila til að skoða nánar ákvæði frumvarpsins með tilliti til umsagna um það og móta tillögur til breytinga á frumvarpinu sem senda mætti allsherjarnefnd til skoðunar.



## DÓMSTÓLARÁÐ

*Alþingi*  
*Erindi nr. P 138/370*  
*komudagur 1.12.2009*

Nefndasvið Alþingis  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Reykjavík, 1. desember 2009

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breyting á dómstólögum (sameining héraðsdómstóla), 100. mál.

Dómstólaráði hefur borist til umsagnar frumvarp til laga um breyting á dómstólalögum nr. 15/1998.

Með bréfi dómstólaráðs til dómsmálaráðherra 11. febrúar 2009 óskaði ráðið eftir að fram færi endurskoðun á dómstólalögnum sem væru orðin 10 ára. Í bréfinu segir og að ósk um endurskoðunina komi ekki síst til vegna þeirrar hagræðingarkröfu sem gerð var til dómstólanna í árslok 2008, en við meðferð fjárlagafrumvarps 2009 hafi fjárveiting til héraðsdómstóla verið lækkuð um 50 m.kr. Á fundi dómstólaráðs með dómstjórum 26. janúar 2009 hafi verið rætt um hugmyndir dómstólaráðs um sameiningu héraðsdómstóla og að fella niður dómþinghár utan skrifstofu dómstólanna. Meðal annars hafi verið rædd sú hugmynd að sameina dómstólana á Norðurlandi í einn, en fyrir lægi að sameinaður dómstóll á Norðurlandi næði ekki heildarmálafjölda þeim sem væri í Héraðsdómi Suðurlands og mætti þannig jafnvel flytja eitt stöðugildi dómara á Suðurland og jafna þar með álag milli dómstóla. Þá var rædd sú hugmynd að sameina héraðsdómstólana í einn dómstól með 7-8 skrifstofur, þ.e. á þeim stöðum sem dómstólarnir eru nú, nema til kæmi sameining Héraðsdóms Norðurlands eystra og vestra. Með sameiningu dómstólanna mætti ná verulegu hagræði í rekstri og í því sambandi bent á að stjórnunarþáttur í starfi dómstjóra væri í heildina metin til 2,15 stöðugilda. Þá væri hægt að hagræða með því að vinna bókhald á einum stað í stað níu sem og símsvörun. Mætti eftir atvikum flytja þessa þætti út á landsbyggðina. Lýsti dómstólaráð yfir verulegum áhyggjum af fjárhagsstöðu héraðsdómstólanna og segði sína sögu að bundinn launa- og húsnæðiskostnaður næmi 98% af fjárveitingu þeirra.



## DÓMSTÓLARÁÐ

Dómstólaráð fór þess á leit í bréfinu að settur yrði á laggirnar starfshópur eða nefnd yrði skipuð til að endurskoða dómstólalögin. Óskaði ráðið eftir að eiga fulltrúa í þeim hópi og taldi heppilegt að auk fulltrúa dómsmálaráðuneytis ætti fulltrúi réttarfarsnefndar þar einnig sæti í ljósi þess að innan nefndarinnar hefði og liðnum árum verið unnið ýmsum hugmyndum og tillögum að breytingum á dómstólalögum. Myndi slíkt verklag auk þess leiða til umtalsverðs tímasparnaðar í ljósi þess að ætlunin væri að leggja fram tillögur til breytinga á dómstólalögum sem til framkvæmda kæmu á árinu 2010 og væri því nauðsynlegt að verkinu miðaði hratt og vel áfram.

Svo fór að þessi faglega nefnd eða starfshópur var aldrei sett á fót. Í lok júní fól dómsmálaráðherra réttarfarsnefnd að semja frumvarp til breytinga á lögnum og lauk því verki í fyrri hluta júlímánaðar. Ekki var mælt fyrir frumvarpinu á sumarþinginu, en það var lagt fram til kynningar 23. ágúst sl. Frumvarpið var síðan ekki rætt í fullskiptuðu dómstólaráði fyrr en 19. október sl., en þann dag var efni þess jafnframt rætt við dómstjóra. Frumvarpinu var útbýtt til þingmanna 23. október sl. og mælt fyrir því 27. sama mánaðar.

Takmarkaður tími hefur gefist til umræðu um frumvarpið í hópi dómara og annarra starfsmanna. Ekki liggur fyrir hvernig fyrirhugaðar breytingar verða innleiddar. Þá hefur ekki farið fram þarfagreining og kostnaðarmat vegna breytts hlutverks dómstólaráðs og dómstólsins/dómstólanna. Einnig þarf að huga betur að stöðu og hlutverki dómstólaráðs. Að auki liggur ekki fyrir verkferlagreining nema hvað varðar kosningu dómstjóra og í dómstólaráð.

Dómstólaráð telur mjög mikilvægt að staðið verði vel að sameiningu héraðsdómstólanna verði niðurstaðan sú að hún þjóni hagsmunum þeirra. Eins og dæmin sanna hefði í flestum ef ekki nær öllum tilvikum mátt gera betur við sameiningu ríkisstofnana. Helstu ástæður þess að svo illa hefur til tekist eru að markmið og framtíðarsýn hafa ekki verið nógu skýr eða ekki útskýrð nógu vel, fjárhagsleg samlegð hefur verið ofmetin, undirbúningi og skipulagsvinnu hefur verið áfátt, ekki hefur tekist að kveikja nægilegan áhuga á sameiningunni og starfsmannamálum hefur ekki verið





## DÓMSTÓLARÁÐ

sinnt nógu vel. Huga þarf rækilega að öllum þessum þáttum og mikilvægt er að gefa verkefninu þann tíma sem þarf svo að vel takist til.

Dómstólaráð hefur lagt á það þunga áherslu að verði frumvarpið á lögum, þannig að einn héraðsdómstóll verði á landinu öllu, verði gildistöku laganna frestað til næsta hausts eða jafnvel áramótanna 2010-2011 svo að ráðrúm gefist til þeirrar miklu undirbúningsvinnu sem inna þarf af hendi að öðru leyti en því að dómsvald aðstoðarmanna taki gildi um leið og löggin verða samþykkt sem og heimild til fjölgunar dómara.

Ljóst er að gríðarlegt álag er framundan hjá dómstólunum og þá einkum dómstólunum á höfuðborgarsvæðinu. Er almennt viðurkennt að þegar svo háttar til sé ekki góður tími til róttækra skipulagsbreytinga og sé það til þess fallið að skapa óróa, óvissu og spennu sem fyrirsjáanleg er vegna álagsins. Dómstólaráð telur því að áfram eigi að vinna að sameiningu héraðsdómstóla, en gefa eigi verkefninu meiri tíma. Sé það betur til þess fallið að stuðla að góðum samskiptum dómstólaráðs við dómstjóra og annað starfsfólk og fá sem flesta í lið með sér. Er þá haft að leiðarljósi að varast beri of mikinn hraða við innleiðingu slíkra breytinga sem hér um ræðir.

Dómstólaráð leggur því til að á lögnum verði að sinni einungis gerðar minni háttar breytingar og að settur verði á fót starfshópur (nefnd), skipaður fulltrúum hlutaðeigandi, til að setja fram tillögur um heildarendurskoðun laganna. Myndi starfshópurinn (nefndin) skila tillögum fyrir 1. maí 2010. Sá kostur er raunhæfur í ljósi þess að samkvæmt fjárhagsáætlun dómstólaráðs fyrir næsta ár verður sparnaðarkröfum náð án sameiningarinnar. Tillaga ráðsins er og í samræmi við umræður sem fram fóru á fundi ráðsins 20. nóvember sl. með starfsmönnum héraðsdómstólanna og 50 manns sóttu.

Af hálfu dómstólaráðs er lagt til að eftirfarandi breytingar verði gerðar á lögnum:


1. Heimild verði sett til fjölgunar dómara um 5, en eftir atvikum yrði ekki skipað í stöður sem losna. Ljóst þykir þó að full þörf verður fyrir þessa



## DÓMSTÓLARÁÐ

- viðbótardómara næstu 5 – 10 árin vegna þess gríðarlega álags sem fyrrsjáanlegt er.
2. Ákvæði frumvarpsins um dómsvald aðstoðarmanna verði óbreytt. Þessi breyting leiðir til töluverðrar hagræðingar, léttir verkefnum af dómurum og gerir aðstoðarmannsstarfið fjölbreyttara og ábyrgðarmeira.
  3. Rýmkuð verði heimild 5. mgr. 15. gr. laganna til flutnings mála milli dómstóla/dómara. Verði þannig heimilt að flytja ótiltekinn fjölda mála milli dómstóla/dómara í þeim tilgangi að jafna álag milli þeirra. Málin yrðu þó rekin fyrir þeim dómstóli sem þau voru flutt frá nema annað þykir hagkvæmt.

F.h. dómstólaráðs,



Helgi I. Jónsson,  
starfandi formaður

Akureyri 4. desember 2009

Nefndasvið Alþingis  
Austurstræti 8 - 10  
150 Reykjavík

Stjórn Eyþings hefur fengið til umsagnar frá allsherjarnefnd Alþingis **frumvarp til laga um dómstóla**, 100. mál, sameining héraðsdómstóla. Stjórnin samþykkti eftirfarandi:

Með frumvarpinu er lagt til að héraðsdómstólarnir átta verði sameinaðir í einn dómstól fyrir landið allt. Þá skal dómstólaráð ákveða hvar á landinu héraðsdómur hefur fastar starfsstöðvar og hvernig landinu er skipt í þinghár. Verði frumvarpið að lögum er þess vænst að hægt verði að draga úr kostnaði af rekstri héraðsdómstóla vegna yfirstjórnar, húsnæðis, tækjabúnaðar og mannahalds, án þess þó að gert sé ráð fyrir fækkun dómara. Eins og fram kemur í athugasemdum frumvarpsins er þó gert ráð fyrir að halda starfsemi þeirra áfram eftir þörfum utan höfuðborgarsvæðisins á sérstökum starfsstöðvum.

Með þessu frumvarpi berast frá stjórnvöldum áform um aukna miðstýringu sem felur í sér tilflutning umsvifa og þjónustu ríkisins frá landsbyggð til höfuðborgar. Þessi tilhneiging virðist hafa ágerst mjög hin síðari misseri. Hægt er að ganga að því vísu að dómstjóri og varadómstjóri, ásamt dómstólaráði, verði staðsett á höfuðborgarsvæðinu, ef af samþykkt frumvarpsins verður.

Draga verður í efa að sparnaður náist fram með frumvarpinu. Hugmyndir um lækkun húsnæðiskostnaðar felast væntanlega í því að starfsstöðvum verði fækkað verulega og að hægt verði að koma húsnæði sem losnar í viðunandi verð. Fastlega má gera ráð fyrir að á móti komi þörf fyrir aukið húsnæði á höfuðborgarsvæðinu. Þá er gert ráð fyrir að starfskraftar dómara nýtist betur með því að þeir verði ekki bundnir við tiltekinn dómstól, eða starfsstöð. Dregið er í efa að þetta muni leiða til sparnaðar. Ætla má að því fylgi umtalsverður kostnaður að senda dómara út á svokallaðar starfsstöðvar.

Í athugasemdum frumvarpsins kemur fram að þess sé vænst að meiri festa verði í faglegum þætti starfseminnar. Ekki kemur fram hvort skort hefur á sérþekkingu, eða hvort gætt hefur ósamræmis í dómum héraðsdómara. Stjórn Eyþings tekur undir það sjónarmið frumvarpsins að æskilegt er að auka hreyfanleika þannig að hægt sé að færa eða kalla til dómara t.d. í mjög sérhæfðum málum.




Í frumvarpinu felst mikið framsal valds til dómstólaráðs, s.s. varðandi starfsstöðvar. Stjórn Eypings telur eðlilegt að löggjafinn taki um það ákvörðun hvar héraðsdómur starfar.

Ástæða er til að vekja sérstaklega athygli á þeirri þýðingu sem staðsetning héraðsdómstólanna hefur haft. Fyrir liggur að lögmannsstofum fjölgaði mikið á landsbyggðinni eftir að núverandi dómstólaskipan var tekin upp. Þetta þýðir að víða á landsbyggðinni eiga menn nú kost á öflugri þjónustu lögmanna. Hætt er við að með samþykkt frumvarpsins yrði grundvelli kippt undan þessari mikilvægu þjónustu.

Á vegum stjórnvalda er nú unnið að Sóknaráætlun fyrir Ísland og skilgreind hafa verið sóknaráætlunarsvæði. Í þessari vinnu er m.a. áformað að samþætta hinar ýmsu áætlanir ríkisins auk þess að þjónusta ríkisins komi til með að miðast við fyrrnefnd svæði. Athygli vekur að á vegum ríkisstjórnarinnar skuli koma fram frumvarp sem á engan hátt tekur mið af þeim ákvörðunum sem ríkisstjórnin hefur tekið varðandi vinnu við Sóknaráætlun fyrir Ísland.

Niðurstaða stjórnar Eypings er því sú að hún leggst gegn samþykkt frumvarpsins. Stjórnin tekur hins vegar ekki afstöðu til þess hvort í einhverju eða einhverjum tilvikum kemur til álita að sameina einstök embætti héraðsdómstóla.

f.h. stjórnar Eypings

  
Pjetur Þór Jónasson  
framkvæmdastjóri





Nefndasvið Alþingis  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Alþingi  
Erindi nr. P 138/705  
komudagur 11.12.2009

**Umsögn til, allsherjarnefndar Alþingis, frumvarp til laga um dómstóla, 138. löggjafarþing 100. mál.**

Vísað er til tölvupósts frá nefndasviði Alþingis, dags 12. nóvember s.l. þar sem óskað er umsagnar Fjórðungssambands Vestfirðinga um ofangreint mál.

Fjórðungssamband Vestfirðing hefur kynnt sér umsögn Sambands íslenskra sveitarfélaga dags. 2. desember s.l. varðandi frumvarpið og umræður þann 3. nóvember þegar málið kom til fyrstu umræðu á Alþingi. Vill Fjórðungssamband Vestfirðinga taka undir þau sjónarmið sem koma fram í umsögn Sambands Íslenskra sveitarfélaga og þeim áhyggjum sem þar koma fram varðandi umfang og hraða á þeim breytingum sem lagðar eru til.

Að auki vill Fjórðungssamband Vestfirðinga koma á framfæri eftirfarandi atriðum;

Fjórðungssamband Vestfirðinga telur að einstaklingar og lögaðilar á Íslandi eigi að standa jafnt gagnvart dómsvaldi hvar á landinu sem þeir búa. Fjöldi starfstöðva og dómþinghá eru hér mikilvægt atriði og telur Fjórðungssamband Vestfirðinga að það sé löggjafans að segja til um fjölda þeirra og afmörkun starfsvæða.

Fjórðungssamband Vestfirðinga vill benda á þá stefnumörkun sem stjórnvöld eru með í undirbúningi þ.e. Sóknaráætlun 20/20 og gildandi stefnu svo sem í Byggðaaætlun 2006-2009. Nánar tiltekið vill Fjórðungssamband Vestfirðinga setja fram það mat, að markmið og áform frumvarpsins verði að ræða í samhengi við stefnumörkun ríkisstjórnar um gerð sóknaráætlunar 20/20 og sóknaráætlanir landshluta. Í þessari stefnumörkun er m.a. kynnt svæðaskipting sóknaráætlana landshluta, alls sjö svæði og eru m.a. Vestfirðir tilgreindir sem eitt landssvæði og höfuðborgarsvæðið sem annað slíkt.




Fjórðungssamband Vestfirðinga bendir hér einnig á, að eitt af þremur meginmarkmiðum byggðaaáætlunar 2006-2009, er að efla þrjá landshlutakjarna, m.a. á Ísafirði og eitt af þremur meginatriðum í sömu áætlun, er fjölgun opinberra starfa á landsbyggðinni. Stjórnvöld hafa einnig lýst því markmiði að fjölga störfum án staðsetningar.

Framangreind atriði þarf að árétta því fleiri frumvörp liggja nú fyrir eða verða lögð fyrir Alþingi næstu misseri og varða breytingar í stjórnkerfinu. Með ákvörðunum um fyrirkomulag rekstrar framkvæmdavalds, dómsvalds og löggjafarvalds taka stjórnvöld beinan þátt í skipulagi búsetu í landinu. Forða þarf því, að slíkar ákvarðanir séu teknar án samhengis við heildarstefnu stjórnvalda. Skoða má þennan mikilvæga þátt einnig í því samhengi að hið opinbera byggi upp og viðhalda hópi hæfra stjórnenda með nauðsynlega framhaldsmenntun. Sama á við, hvort sem borið er niður á landsbyggð eða höfuðborgarsvæði þá mynda þessir íbúar, hinn nauðsynlega kjarna hvers samfélags, kjarna sem byggir á menntun, starfsreynslu og þekkingu á málefnum svæðisins. Hér er á engan hátt gert lítið úr öðrum störfum, fremur að undirstrika áherslu á samsetningu atvinnulífs.

Fjórðungssamband Vestfirðinga bendir einnig á að þróun efnahagslífs síðustu misseri er sönnun þess að varhugavert er að setja öll egg í eina kröfu. Meðvituð eða ómeðvituð stefna síðasta áratug um eflingu höfuðborgarsvæðis beið ákveðið skipbrot og án núverandi fjölbreytni í búsetu má fullyrða að samfélagið lent í meiri vand en ella. Stjórnvöld geta því stuðlað að vörnum í þessum efnum með því að viðhalda sterkum stjórnsýslukjörnum og það sé í raun vilji þeirra með gerð Sóknaráætlunar 20/20 og staðfesta með vísan til gildandi byggðaaáætlunar.

Ísafirði 11. desember 2009.

f.h. Fjórðungssambands Vestfirðinga

  
Aðalsteinn Óskarsson, framkvæmdastjóri

Fylgiskjal. Ályktun 54. Fjórðungspings Vestfirðinga um opinber verkefni.





Fylgiskjal með umsögn til Alþingis.

## “Vestfirðir í sókn

54. Fjórðungssþing Vestfirðinga haldið á Ísafirði, 4.-5. September 2009 skorar á sveitarfélög og stjórnvöld að taka upp náið samstarf um mótun framtíðarsýnar og sóknaráætlunar fyrir Vestfirði.

Allt frá stofnun Fjórðungssambands Vestfirðinga fyrir sextíu árum hefur sambandið haldið hagsmunum Vestfirðinga á lofti og ítrekað ályktað um grunnþarfir vestfirskra byggða. Þótt ýmsir stórir áfangar hafi náðst hafa þessar áherslur að mörgu leyti verið hunsaðar af stjórnvöldum, einkum ef litið er til þróunar í öðrum landshlutum. Fjórðungssþing áréttar að enn er svo margt ógert í uppbyggingu á grunnþjónustu í fjórðungnum að það stendur framförum á Vestfirðum fyrir þrifum. Til að snúa vörn í sókn leggur Fjórðungssþing áherslu á eftirfarandi:

### Opinber verkefni

- Áframhaldandi starfsemi og fjárveitingar til opinberra stofnanna á Vestfirðum verði tryggðar. Þingið áréttar að þótt oft sé auðveldast að skera niður það sem fjærst er, þá er slíkt ekki alltaf hagkvæmast til lengdar.
- Samstarfssamningur vestfirskra sveitarfélaga og ríkisins á sviði menningarmála verði framlengdur til tveggja ára með óbreyttri fjárveitingu og óbreyttu starfssvæði. Árangur samningsins verði metinn á gildistíma loknum.
- Áframhaldandi rekstur atvinnuþróunarfélaganna verði tryggður og vaxtarsamningar endurnýjaðir.
- Stjórnvöld beiti sér fyrir því að tryggja áframhaldandi fjármagn til verkefna sem lögð voru til í skýrslu Vestfjarðanefndarinnar sem og í verkefni sem sett voru á laggirnar til mótvægis við samdrátt í þorskveiðum.
- Tryggja þarf rekstur og ráðgjöf Fjölmenningsseturs til framtíðar en breyttar þjóðfélagsaðstæður geta valdið því að innflytjendur eigi frekar undir högg að sækja á Íslandi og lendi í hópi þeirra sem minnst mega sín.
- Lagt er til að skattkerfið og ýmsar ívilnanir verði nýttar sem tæki til jöfnunar búsetuskilyrða milli landshluta líkt og gert er víða um heim. “

**Efni: Umsögn um frumvarp til laga um  
breytingu á lögum um dómstóla nr. 15/1998.**  
(sameining héraðsdómstóla (100. mál).

Að álitum undirritaðs felst einkum tvennt í nefndu frumvarpi til laga:

- a) Róttæk breyting á dómstólaskipan Íslands, sbr. lög nr. 15/1998.
- b) Réttarbætur.

## I.

Eins og alkunna er er einn af hornsteinum íslenskrar stjórnskipunar kenningin um að aðskilja skuli þrjá þætti ríkisvaldsins; löggjafarvaldið, framkvæmdarvaldið og dómvaldið. Þessi regla er bundin í 2. gr. íslensku stjórnarskrárinnar frá árinu 1944, en þar segir að Alþingi og forseti Íslands fari saman með löggjafarvaldið, forseti og önnur stjórnvöld fari með framkvæmdarvaldið og dómendur fari með dómvaldið. Reglan er bundin í stjórnarskrá flestra vestrænna ríkja, en tilgangur hennar er að tryggja valddreifingu í þjóðfélaginu og að hver þáttur ríkisvaldsins veiti hinum aðhald.

Kaflaskil urðu í íslenskri réttarsögu hinn 1. júlí 1992, en þá tóku gildi lög um aðskilnað dómvalds og framkvæmdavalds í héraði nr. 92/1989, svonefnd aðskilnaðarlög. Með lögum þessum var lagður grunnur að nýrri dómstólaskipan á Íslandi. Til efni þessarar löggjafar voru athugasemdir sem Mannréttindanefnd Evrópu hafði sett fram vegna dóms, sem fallið hafði hér á landi nokkru áður, en málið átti upptök sín á Akureyri. Grundvöllur þessara athugasemda var að Íslendingar höfðu um áráðir verið aðilar að Evrópuráðinu og höfðu skuldbundið sig til að fylgja sáttmála þess um verndun mannréttinda og mannfrelsis. Í sáttmálanum segir m.a. að menn skuli fá mál sín útkljáð fyrir óhlutdrægum dómstóli. Er óhlutdrægt og skilvirkt dómskerfi einn mikilvægasti hornsteinn hvers lýðræðisríkis. Þá er sjálfstæði dómara gagnvart öðrum greinum ríkisvalds og nauðsynlegt til að tryggja óhlutdrægni dómara og þar með forsenda réttaröryggis.

Með nefndum lögum um aðskilnað dómvalds og framkvæmdavalds í héraði voru stofnaðir átta dómstólar, sem hver um sig hefur til þessa haft lögsögu á nánar tilgreindu svæði. Hefur sú skipan mála haldist í megin dráttum til þessa dags. Aðeins lítills háttar breytingar hafa orðið þar á, en sem dæmi má nefna að á síðasta ári stækkaði umdæmi Héraðsdóms Norðurlands eystra við sameiningu tveggja sveitarfélaga á Norðausturlandi í Langanesbyggð, en einnig stækkaði umdæmið til vesturs við sameiningu Siglufjarðar og Ólafsfjarðar í sveitarfélagið Fjallabyggð.

Allt frá upphafi hinnar nýju dómstólaskipunar hafa héraðsdómarar verið 38 að tölu, en auk þeirra starfa við dómstólana dómritarar og nokkrir aðrir starfsmenn, en þar á meðal eru ellefu löglærðir starfsmenn, sem áður báru heitið dómarafulltrúar. Starfsmannafjöldinn hefur verið nær alveg óbreyttur frá fyrst degi. Að því leyti er athyglisvert að líta til þess að starfsmönnum hjá hinu opinbera, þ. á m. hjá framkvæmdavaldi og Alþingi, hefur fjölgað stöðugt hin síðustu ár, en samkvæmt tölum frá Hagstofunni varð 37,2% aukning opinberra starfsmanna, að meðtöldum starfsmönnum sveitarfélaganna, á árabílinu frá 2000 til 2008.

Samkvæmt opinberri skráningu hefur málafjöldi við héraðsdómstólana farið vaxandi með ári hverju. Þróunin hefur verið nokkuð stöðug, en þó varð veruleg aukning við svonefnt netbólunrun laust eftir síðustu aldamót, en síðan dró nokkuð úr málafjöldanum um hríð. Á þessu ári hefur þó steininn tekið úr hvað málafjöldi varðar og stefnir í algjört óefni, sérstaklega þó á suðvesturhorni landsins. Sem dæmi um stígandann má nefna að árið 1997 var heildarmálafjöldinn 16.673, árið 1999 var fjöldinn 21.921 og árið 2008 var fjöldinn 30.248. Þessu til viðbótar hafa komið til nýir málaflokkar, oftast vegna nýrra lagaákvæða frá Alþingi. Má þar m.a. nefna ákvæði um skýrslur fyrir dómi af börnum og ungmennum við frumrannsókn sakamála, um mál er varða kröfur barnaverndaryfirvalda um sviptingu foreldra á börnum sínum og hin allra síðustu ár viðamikil eignaréttarmál, sem kennd hafa verið við þjóðlendur. Jafnframt hafa dómur i sakamálum oftast en áður verið fjölskipaðir. Er óhætt að fullyrða að vegna þessarar þróunar hafi fyrrverandi dómsmálaráðherra talið verjandi að leggja fram frumvarp á Alþingi, á löggjafarþinginu 2006-2007, sbr. mál nr. 496, um að fjölga héraðsdómurum úr 38 í 40. Frumvarpið náði ekki í gegn en ekki virtist hafa verið ágreiningur um að þörfin væri fyrir hendi.

Að því er héraðsdómstólana varðar hefur rekstrarkostnaður þeirra nánast eingöngu verið laun og húsnæðiskostnaður eða töluvert yfir 90%. Annar kostnaður er m.a. kostnaður af rekstri dómstólaráðs, sem sett var á laggirnar með löggjöf árið 1998, en um er að ræða stjórnsýslunefnd/ráð sem upphaflega var ætlað að taka yfir verkefni ráðuneyta.

## II.

Með frumvarpi um breytingu á lögum um dómstóla nr. 15/1998, þingskjal 104 – 100. mál, er lagt til að héraðsdómstólarnir átta verði sameinaðir í einn dómstól fyrir landið allt. Eru sett fram þau markmið í frumvarpinu: a) að með lögfestingu þess megi draga talsvert úr kostnaði við rekstur héraðsdómstólanna og b) að með því megi mæta mismunandi og eftir atvikum tímabundnu álagi milli dómstólanna, en einnig megi með því mæta hinu aukna álagi sem reiknað sé með að verði vegna aðstæðna í þjóðfélaginu. Segir í greinargerð að þess megi og vænta að síður verði þörf á því að fjölga héraðsdómurum í brád með þessum ráðstöfunum og öðrum þeim sem vísað er til í frumvarpinu og varða einkum verkefna- og valdatilfærslu frá dómstjóra/dómstjórum til dómstólaráðs.

Samkvæmt framansögðu er megin tilgangur frumvarpsins að draga úr kostnaði við rekstur héraðsdómstólanna. Í athugasemdum og fylgiskjali með frumvarpinu, sem stafar frá fjármálaráðuneytinu, segir reyndar að lögfesting þess leiði ekki til beins sparnaðar í rekstri héraðsdómstólanna heldur geri það auðveldara að hagræða í starfsemi og draga megi þar með úr kostnaði. Með þessu megi og fækka bakvöktum og dómstjórum, en einnig megi með þessu móti fækka dómþinghám og lækka ferðakostnað.

Tekið er fram í greinargerð að við samningu frumvarpsins hafi verið haft samráð við fyrrnefnt dómstólaráð, en samkvæmt framsöguræðu ráðherra á Alþingi hafði ráðið einnig ákveðið frumkvæði þar á. Er það í samræmi við fyrirliggjandi heimildir. Í greinargerðinni er ekki minnst á að haft hafi verið samráð við aðra aðila og virðist því ekki hafa verið haft samband við aðrar stofnanir eða félög, þ. á m. dómara- eða lögmannafélagið, einstaka dómstóla eða lagastofnanir háskóla svo dæmi séu tekin.

Að áliti undirritaðs hefði verið mjög þarft, ekki síst þegar lagðar eru til jafn róttækar breytingar á dómstólaskipan landsins sem raun ber vitni, að við samningu frumvarpsins hefði verið leitað eftir sjónarmiðum frá fleiri aðilum en nefndu dómstólaráði. Slíkt hefði borið vitni um vandaðri undirbúning, en það er einmitt talið harla æskilegt samkvæmt ritum helstu fræðimanna á sviði stjórnunar þegar stefnt er að sameiningu stofnana. Að auki hefðu slík vinnubrögð ásamt fullnægjandi kynningu dregið úr óróa og ótta starfsmanna dómstólanna, en einnig annarra sem málið varðar.

Að áliti flestra sem til þekkja hefur fyrrnefnd réttarfarslöggið og sú dómstólaskipan sem komið var á árið 1992 gefist vel í öllum aðalatriðum. Málakraði og skilvirkni hefur til þessa verið allmikill þrátt fyrir töluvert og vaxandi vinnuálag dómara og annarra starfsmanna héraðsdómstólanna. Er fróðlegt að rifja upp efni greinargerðar með frumvarpi til áðurnefndra aðskilnaðarlag frá árinu 1989, en þar segir m.a.:

„Með tilkomu héraðsdómstólanna má reikna með því að aukinn fjöldi dómsmála verði útkljáður utan Reykjavíkur, en nú eru allmörg mál, sem eiga uppruna sinn utan höfuðborgarsvæðisins, dæmd fyrir dómstólum í Reykjavík, með samkomulagi aðila um varnarþing hvað einkamál varðar, en samkvæmt ákvörðun ríkissaksóknara hvað opinber mál varðar. Gera má ráð fyrir að lögmenn muni í auknum mæli finna sér starfsgrundvöll í nágrenni starfandi héraðsdómstóla og að aukin þjónusta á sviði dómgæslu muni styrkja byggðina utan höfuðborgarsvæðisins.“

Greind ályktun höfunda aðskilnaðarlaganna hefur í öllum aðalatriðum reynst rétt, en fyrir liggur að fjöldi lögmanna hefur séð sér hag í því að starfa í námunda við dómstólana, en þar að auki hefur að margra mati þjónusta dómstólanna sjálfra verið mun markvissari en áður var.

Við álagsaukningu fyrri ár svo og vegna vandræðagangs hjá einstökum dómstólum hefur áður verið brugðist við, m.a. með aukinni og viðvarandi hagræðingu, en einnig með því að senda mál á milli dómstóla. Mætti huga að því að styrkja núverandi löggjöf að þessu leyti enn frekar í stað þess að sameina dómstólana. Þá er bakvaktafyrirkomulag og dómþinghár í sjálfu sér óháð fjölda dómstóla og má að sjálfsgöðu breyta því fyrirkomulagi sem nú ríkir í óbreyttu kerfi sé vilji til slíks. Þá er rétt að áréttu að aðhalds hefur ávalt verið gætt hjá héraðsdómstólunum og hefur rekstrarkostnaður eins og áður var lýst aðallega falist í beinum launakostnaði og kostnaði við húsnæði. Væri fróðlegt að fá samanburð á þessum kostnaði við aðrar stofnanir í þjóðfélaginu, t.d. hjá framkvæmdarvaldinu og hjá Alþingi

Í frumvarpinu segir að gert sé ráð fyrir að starfstöðvar verði áfram á þeim stöðum sem dómstólar starfa nú, og að þar geti að auki verið sérstakir umboðsmenn. Er þetta kunnuglegt stef og nefnast slíkir aðilar yfirleitt „útibússtjórar“. Í þessu samhengi er til þess að líta að launamunur dómara og dómstjóra á landsbyggðinni er mjög lítill, en gera má ráð fyrir að laun „útibússtjóranna“ verði eitthvað hærrí en dómara. Í frumvarpinu er einnig gert ráð fyrir nýrri fastri stöðu varadómstjóra við hinn nýja dómstól, sem að líkum verður staðsettur í Reykjavík. Verður væntanlega einhver kostnaðarauki af þessu líkt og vegna þeirra stórauknu verkefna sem dómstólaráði er ætlað að sinna, ekki síst með þeirri gjörbreytingu, að því sé ætlað að taka yfir nær allt starfmannahald dómstólanna, en það hefur hingað til verið á könnu dómstjóra. Er þetta athyglisvert í ljósi þess að í frumvarpinu er einungis gert ráð fyrir einum dómstól.

Hefði frekar verið von til þess að dómstólaráð yrði lagt niður við þessar aðstæður. Ekki er vikið að fyrirmyndum að þessu leyti frá nálægum löndum, en á hinum Norðurlöndunum þjóna sambærileg ráð eða stjórnáslustofnanir öllum dómstólunum, þar á meðal æðsta dómstiginu.

Að öllu framangreind virtu og með hliðsjón af áður röktum skrifum fjármálaráðuneytisins má telja líklegt að lögfesting þess frumvarps sem hér er til umfjöllunar leiði ekki til beins sparnaðar og eru fullyrðingar þar um órökstuddar, í öllu falli yrði hann mjög óverulegur.

Verði umrætt frumvarp að lögum er líklegt, m.a. í ljósi áður nefndra markmiða um hagræðingu og sparnað, en einnig í ljósi sögunnar, að dómstólaráð muni stefna að því að fækka starfslíði og draga úr húsnæðiskostnaði og að aðgerðir af því tagi beinist að starfstöðvum utan höfuðborgarsvæðisins. Gera má ráð fyrir að í fyrstu verði haldið úti skrifstofum í svipuðu horfi og nú er, en fljótlega muni allt fara til fyrra horfs og ástandið verða líkt og nefndarmenn lýstu svo vel í greinargerð með frumvarpi til laga um aðskilnað dómsvalds og umboðsvalds árið 1989. Landsbyggðin verði útibúamiðstöð, þar sem dómara verði smám saman færðir til Reykjavíkur, en þeir síðan sendir út um byggðir eftir þörfum til að annast mál þar. Er viðbúið að aukinn ferða- og upphaldskostnaður komi til vegna þessa fyrirkomulags og að hann fari vaxandi með árunum. Hætta er á að afleiðingar þessa verði m.a. að starfsfólki fækki, að lögmönnum á landsbyggðinni fækki og þar með muni sú þjónusta sem þeir veita skerðast. Jafnframt er hætta á að staðarþekking dómara og lögmanna muni að einhverju leyti minnka og jafnvel glatast.

Í ljósi þess sem hér að framan hefur verið rakið telur undirritaður að verði umrætt frumvarp að lögum leiði það til lakari þjónustu og lífskjara fyrir íbúa í byggðum utan suðvesturhorns landsins.

### III.

Efni þess frumvarps, sem hér að framan hefur verið fjallað um verður helst rakið til þeirra miklu efnahagsörðugleika sem Íslendingar standa nú um stundir frammi fyrir vegna bankahrunsins haustið 2008. Fyrirséð hefur verið um hríð að dómsmálum muni stórfjölga vegna þessa og lágu reyndar þegar fyrir tölur um það er frumvarpið var fyrst kynnt á Alþingi síðast liðið sumar.

Alþingi og ríkisstjórn hafa talið sér skylt hin síðustu misseri að styrkja rannsóknarvaldið í landinu, einkum ákærvaldið, vegna rannsókna á ætluðum efnahagsbrotamálum. Hefur í því efni að einhverju leyti verið farið að erlendri ráðgjöf. Vegna þessa hefur saksóknurum verið fjölgað um eina fimm ásamt tilheyrandi starfsfólki, lögfræðingum, endurskoðendum og lögreglumönnum. Þá hafa samkvæmt nýlegum fréttum verið auglýstar 39 nýjar stöður við embætti lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu.

Má telja það þversögn ef ekki verður jafnframt séð til þess að dómstólarnir verði almennilega í stakk búnir til að taka við málum frá ákærvaldi.

Málatölur hjá héraðsdómstólunum sýna ljóslega að á þessu ári hefur stórfjölgun orðið á þingfestum einkamálum, en einnig á ágreiningsmálum vegna gjaldþrotamála. Ekki var þar á bætandi en þessi fjölgun hefur nær eingöngu orðið á höfuðborgarsvæðinu. Er það að vonum

enda var uppgangur þar mestur hin síðustu ár. Þessu til viðbótar hefur komið til nýr málaflokkur vegna bráðavanda fólks í greiðsluvanda. Vegna þessa ástands er afar brýnt að fjölga dómurum og öðrum starfsmönnum héraðsdómstólanna, ekki síst á fyrrnefndu landsvæði, enda hefur þar í raun skapast vandræðaástand. Á öðrum landsvæðum hefur einnig orðið fjölgun dómsmála. Er því óskynsamlegt að færa til starfsmenn frekar en orðið er, en þegar hefur verið gripið til þess ráðs að færa til aðstoðarmann með tilskipun á suðvesturhornið.


Það er ánægjuefni að samkvæmt nýlegum fréttum hefur verið lagt fram frumvarp af hálfu dómsmála- og mannréttindaráðherra um að fjölga dómurum við héraðsdómstólana úr 38 í 43 ásamt tilheyrandi fjölgun aðstoðarmanna og annars starfsfólks.


#### IV.

Að því er varðar umrætt frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 15, 1998 leggur undirritaður eftirfarandi til í ljósi alls framanritaðs:

- a) Að fallið verði frá því að fækka héraðsdómstólum úr átta í einn.
- b) Að fallið verði frá því að fela stjórnarsýslustofnun líkt og dómstólaráði aukin verkefni og völd á kostnað héraðsdómstólanna. Verkefnasvið dómstólaráðs verði á hinn bóginn víkkað út á þann hátt að það nái einnig til æðsta dómstóls landsins líkt og tíðkast meðal nágrannaþjóða. Þá verði kjöri til ráðsins breytt t.d. á þann veg að einn verði kjörinn úr hópi héraðsdómara, annar af Lögmannafélagi Íslands, hinn þriðji af almennasamtökum og sá fjórði af háskólastofnun og loks verði hinn fimmti tilnefndur af forsætisráðherra, enda verði héraðsdómstólum skipað undir hans ráðuneyti líkt og nú gildir um Hæstarétt Íslands.
- c) Að hugað verði að flutningi skrifstofu dómstólaráðs út á land til samræmis við margítrekaðar tillögur á Alþingi um flutning opinberra starfa.
- d) Í 17. grein frumvarpsins verði kveðið á um ótímabundna ráðningu löglærðra starfsmanna, enda um gagnkvæman þriggja mánaða uppsagnarfrest að ræða, af beggja hálfu, samkvæmt núgildandi lögum.

Akureyri, 2. desember 2009.

  
Ólafur Ólafsson, dómstjóri



Meðfylgjandi er í afriti:

Vikudagur – fréttablað, viðtal 27. ágúst 2009.

Ályktun félags lögfræðinga á Norður- og Austurlandi frá 24. október 2009.

Bréf héraðsdómara við Héraðsdóm Reykjavíkur og Héraðsdóm Norðurlands eystra frá 30. okt. og 2. nóv. 2009.

Grein Freys Ófeigssonar, fyrrverandi dómstjóra, Mbl. 14. október 2009.

Sigmundur Guðmundsson, héraðsdómslögmaður á Akureyri, Mbl. 9. nóvember 2009.

Sendist til: [nefndasvid@althingi.is](mailto:nefndasvid@althingi.is)

Alþingi, 150 Reykjavík.

VIKUGAGUR - 27. ágúst 2009.  
Sjálfstæður Norðlensku fréttamiðill.

Ólafur Ólafsson dómstjóri við Héraðsdóm Norðurlands eystra telur að fækkun héraðsdómstóla úr átta í einn muni ekki skila tilætluðum árangri. Það kemur hins vegar Ólafi ekki á óvart að fyrirhugað sé að hinn nýi sameinaði héraðsdómur verði staðsettur í Reykjavík.

Markmiðið með því að fækka héraðsdómstólum mun vera tvíþætt. Annars vegar að draga úr kostnaði og hins vegar að mæta því aukna álagi sem þegar hefur orðið hjá dómstólum í kjölfar efnahagshrunsins sl. haust.

„Það var framfaraspur stigið þegar aðskilnaður dómssvalds og umboðssvalds í héraði komst á árið 1992 og þessir átta dómstólar voru settir á stofn. Nú er talað um að fækka dómstólum í héraði niður í einn. Það kemur mér reyndar ekki á óvart að hann skuli eiga að vera staðsettur í Reykjavík, það hefur því miður verið þróunin hjá stofnunum ríkisins. Ég geri hins vegar athugasemdir við það að landsbyggðin sé gerð að útibúamiðstöð. Það mun þýða fækkun starfsfólks og skerðingu á þjónustu. Þá tel ég hættu á að lögmönnum á landsbyggðinni muni fækka og að þar með muni sú þjónusta sem þeir veita skerðast. Einnig tel ég að staðarþekking dómara og lögmanns skipti máli við úrlausn mála.“ Ólafur segir að þetta séu ekki aðeins sín orð, heldur orð sem voru notuð þegar aðskilnaður dómssvalds og framkvæmdavalds varð að veruleika árið 1992.

Ólafur segir að tilkynningu dómsmálaráðherra í júlí sl. um hina fyrirhuguðu breytingu komi réttilega fram að mikill vandi sé hér á landi vegna efnahagshrunsins. „Það þarf að spara og jafna álag og það er virðingarvert. Varðandi sparnaðinn þá er það að mínu viti skylda forstöðumanna stofnana að fara vel með skattþeninga almennings. Ég tel að það hafi reyndar verið gert hér og hjá dómstólunum öllum, það sýna tölur. Um 96-98% af útgjöldum dómstólanna eru í formi launa og kostnaðar við húsnæði. Ég spyr, er hægt að skera innar en að beini, ég spyr líka eru aðrar stofnanir t.d. hjá framkvæmdavaldinu, hjá fjármálaráðherra, hjá ráðherra dómstóla nú eða hjá Alþingi, sem eru með slíkt aðhald í rekstri og með slíkar tölur sem ég nefndi?“

Varðandi hina röksemdina, að jafna álag milli dómara og dómstóla, þá er rétt að hafa í huga að málafjöldi hefur farið vaxandi mörg undanfarin ár. Og vegna þessa lagði fyrrverandi dómsmálaráðherra fram frumvarp í tvígang, fyrir fáum árum, um að fjölga héraðsdómurum hér á landi úr 38 í 40. Málið náði ekki í gegn á Alþingi en það var enginn ágreiningur um að þörf væri á þessari fjölgun.“

Ólafur segir að auk mála fjöldans hafi fleiri verkefni með löggjöf verið sett á herðar dómstóla. Nefnir hann í því sambandi skýrslutökur af börnum og ungmennum en einnig vandasöm barnaverndarmál. Þá sé það algengara nú en áður að í sakamálum sé fjölskipaðir dómur. Allt tekur þetta tíma. „Til viðbótar þessu hefur verið nefnt efnahagshrun sl. haust, og enn fjölga málum, ekki síst einkamálum. Það er þó misjafnt hvar þessi fjölgun er og fer m.a. eftir því hvar uppgangurinn var. Hann var eins og alkunnugt er mun meiri á höfuðborgarsvæðinu en á landsbyggðinni. Af þeim sökum tel ég nauðsynlegt og reyndar mjög brýnt að fjölga dómurum á höfuðborgarsvæðinu, þ.e. í Reykjavík og á Reykjanesi, enda er að skapast vandræðaástand þar.


Ég vek athygli á því að Alþingi og ráðherrar hafa talið sér skylt að styrkja ákærvald og lögreglu þannig að vel sé staðið að rannsókn efnahagsbrotamála. Hefur m.a. verið farið að erlendri ráðgjöf að þessu leyti. Vegna þessa hefur saksóknurum verið fjölgað um eina fimm með tilheyrandi starfsfólki, lögfræðingum, endurskoðendum og lögreglumönnum. Ég geri ráð fyrir að einhver sakamál komi út úr þessu. Þau verða væntanlega flókin og umfangsmikil en hvar munu þau enda, hjá dómstólunum væntanleg. Ég ætla að vona að dómstólarnir verði almennilega í stakk búnir til að taka við þessum málum og ég tel að vegna þessa sé brýnt að dómskerfið verði styrkt. Ég vil líka benda á að nú þegar hafa mál sem tengjast efnahagshruninu komið inn á borð dómstólanna, til viðbótar hinum almennu einkamálum.“ Fjöldi fólks hefur lent í fjárhagsvandræðum og af þeim sökum sótt um svokallað greiðsluaðlögmum. Eru nú þegar komin upp 11 slík mál hér við dómstólinn, en þau eru mun fleiri á höfuðborgarsvæðinu.

Ólafur segir að með því að skera af dómsstjóra á landsbyggðinni sé vissulega hægt að spara. Gert sé hins vegar ráð fyrir að í stað þeirra komi útibússtjórar og það þýði á móti aukinn kostnað. „Þá er líka gert ráð fyrir því að skipa varadómsstjóra við hinn nýja sameinaða dómstól í Reykjavík. Það er ný staða með tilheyrandi kostnaði. Ég held líka að ef hið nýja fyrirkomulag kemst á muni ferða- og upphaldskostnaður dómara úr Reykjavík verði mun meiri en nú er. Ég hef því miklar efasemdir um að sá sparnaður verði sem að er stefnt. Þá hræða sporin við fyrri sameiningar ríkisstofnana.

Það má hins vegar velta fyrir sér öðrum leiðum og hvernig aðrar þjóðir hafa farið að, t.d. Danir. Ég tel t.d. vel hugsanlegt að fækka dómstólum í héraði í 3, 4 eða 5, og nefni t.d. að á höfuðborgarsvæðinu eru þeir tveir og þrír ef Vesturland er talið með. Þá mætti fækka dómþinghám. En með þessu er viðbúið að kostnaður færist til og lendi t.d. að einhverju leyti á almenningi. Stjórnmalastéttin verður að hugleiða það. Mér finnst það reyndar einnar




messu virði að þingmenn hugleiði vel hvernig þessu verði best fyrir komið í framtíðinni. Að þeir og fleiri sem málið varðar hlusti t.d. á aðra en þá sem lengi hafa stefnt að sameiningu. Ég vona með öðrum orðum að ekki verði hrapað að niðurstöðu, sem erfitt verður að leiðrétta síðar meir.“ sagði Ólafur.



...hér  
 ...  
 ...0%  
 ...hefur  
 ...arins  
 ...  
 ...il  
 ...um

Vinnuleysismið V



libér  
1948  
0%  
kefur  
arins  
il  
um

Vinnuáhrif

## Ólafur Ólafsson Héraðsdómur Norðurlands Eystra

---

**From:** Ásgeir Helgi Jóhannsson [asgeir@lex.is]  
**Sent:** 4. nóvember 2009 14:27  
**To:** svo@althingi.is; birgir@althingi.is; atlig@althingi.is; vbj@althingi.is; vigdish@althingi.is; asmundurd@aithingi.is; olofn@aithingi.is; marshall@aithingi.is; thrainnb@althingi.is; sjs@aithingi.is; birkir@althingi.is; klm@althingi.is; kristjanj@althingi.is; thback@althingi.is; hoskuldurth@althingi.is; ser@aithingi.is; bjorngi@althingi.is; tryggvih@althingi.is; jrg@althingi.is; gudmundurst@aithingi.is; jb@aithingi.is; gunnarbragi@althingi.is; ragna.arnadottir@dmr.stjr.is  
**Subject:** Félag lögfræðinga á norður- og austurlandi, ályktun aðalfundar

Góðan dag!

Meðfylgjandi ályktun var samþykkt á aðalfundi Félags lögfræðinga á Norður- og Austurlandi, sem haldinn var á Egilsstöðum 24. október sl.,  
Hún er send til að vekja athygli á afstöðu lögfræðinga á félagsvæðinu en það nær allt frá Blönduósi til Hornafjarðar. Félagsmenn eru allir lögfræðingar á félagsvæðinu, en aðalfundurinn var þó ekki sóttur af öllum félagsmönnum.

Ályktun fundarins er eftirfarandi:

Aðalfundur félags lögfræðinga á Norður- og Austurlandi mótmællr eindreglð og varar við framkomnum hugmyndum um sameiningu og niðurlagningu ýmissa mikilvægra embætta sem nú starfa á landsbyggðinni. Með þeim tillögum, sem að þessu sinni snúa að héraðsdómstólum, sýslumönnum og skattstjórum, er alvarlega grafið undan þjónustu við íbúa landsbyggðarinnar og lífsgæði þar skert, í flestum tilfellum án þessa að líkur séu á að öðrum og jákvæðari árangri yrði náð.

Félag lögfræðinga á Norður- og Austurlandi vill ennfremur áréttta, að nái tillaga um sameiningu héraðsdómstóla fram að ganga, er fyrirsjáanlegt að mjög muni fjara undan þeim lögmannsstofum sem nú starfa á landsbyggðinni en þeim fjölgaði er núverandi dómstólaskipan var tekin upp. Mjög mikilvægt er, að sem víðast á landsbyggðinni bjóðist heimamönnum öflug og vönduð lögmannsþjónusta sem stenst fyllilega samjöfnuð við það sem gerist annarsstaðar á landinu. Með framkominni tillögu er grundvöllinum kippt undan þessum mikilvæga þætti víða á landsbyggðinni.

Félag lögfræðinga á Norður- og Austurlandi vill sérstaklega andmæla því, að núverandi tímabundið efnahagsástand sé notað sem átylla til að koma að tillögum sem fyrst og fremst munu færa umsvif og þjónustu frá landsbyggðinni til höfuðborgarsvæðisins.

Flutningsmaður tillögunnar var Ingvar Þóroddsson lögmaður á Akureyri

Undirritaður er formaður félagsins,

Virðingarfylls,

Ásgeir Helgi Jóhannsson hdl.  
Attorney at law/Associate

### **LEX lögmannsstofa**

Lex Law Offices  
Hafnarstræti 94 | IS-600 Akureyri  
Borgartúni 26 | IS-105 Reykjavík  
Sími/Tel: + (354) 590 2600  
Bréfasími/Fax : +(354) 590 2680  
[lex@lex.is](mailto:lex@lex.is) · [www.lex.is](http://www.lex.is)

Dómsmála- og mannréttindaráðherra  
Skuggasundi  
150 Reykjavík


Akureyri, 2. nóvember 2009

Dómurum við Héraðsdóm Norðurlands eystra hefur borist uppkast að bréfi nokkurra dómara við Héraðsdóm Reykjavíkur, þar sem þess er óskað að frumvarp til laga um breytingar á lögum nr. 15/1998 um dómstóla verði dregið til baka og eftir atvikum endurunnið.

Við undirritaðir dómarar við Héraðsdóm Norðurlands eystra tókum undir þetta erindi reykvískra kollega okkar.

Með virðingu,

  
Erlingur Sigtryggsson  
héraðsdómari

  
Olafur Ólafsson  
héraðsdómari

Afrit:

Alþingi  
b.t. allsherjarnefndar  
150 Reykjavík

Frú Ragna Árnadóttir,  
Dómsmálaráðherra,  
Arnarhvoli,  
150 Reykjavík

Reykjavík, 30. október 2009.

Efni: Frumvarp til laga um breyting á lögum um dómstóla nr. 15/1998.

Frumvarp til breytinga á dómstólalögum kveður á um gagngerar breytingar á rekstri dómstóla landsins og stöðu og högum starfsmanna þeirra. Við undirritaðir, dómarar við Héraðsdóm Reykjavíkur, styðjum það framtak að unnið sé að frampróun dómskerfisins með tilliti til skilvirkni, fagmennsku, sjálfstæðis dómstólanna og trausts almennings á þeim, á sama tíma og að þrengir í þjóðarbúinu.


Við teljum að eins og frumvarpið liggur fyrir sé ekki ljóst hver áhrif það muni hafa á framangreind atriði eða á dómskerfið í heild sinni og einstakar einingar þess. Við teljum að það horfi til enn vandaðri undirbúnings löggjafarinnar að leitað yrði eftir sjónarmiðum allra sem hlut eiga að máli á undirbúningsstigi frumvarps hjá ráðuneytinu, þannig að betra ráðrúm gæfist til heildaryfirsýnar miðað við markmið og leiðir til að ná þeim, áður en frumvarp er lagt fyrir Alþingi. Við lítum svo á að breytingar á dómskerfinu lúti sömu lögmálum og aðrar stjórnkerfisbreytingar að þessu leyti. Þá er okkur kunnugt um að dómstólaráð hefur lagt til við ráðherra að frestað verði gildistöku frumvarpsins, sem nú liggur fyrir, til að aukið ráðrúm gefist til undirbúnings fyrir breytingarnar.

Samkvæmt framansögðu óskum við eftir því að dómsmálaráðherra dragi frumvarpið til baka, stofni til viðtæks samráðs við alla þá sem þekkja best til starfsemi dómstólanna og láti framkvæma mat á áhrifum löggjafarinnar og eftir atvikum að endurvinna frumvarpið, áður en frumvarp til breytinga á dómstólalögum verður lagt fyrir Alþingi.

Virðingarfyllst,

## Einn héraðsdómstóll

EINS og ástandi efnahagsmála er háttað nú um stundir er mikil hætt á að stjórnvöld ráðist í vanhugsaðar »sparnaðarráðstafanir« a.m.k. þegar litið er til lengri tíma. Í því skyni er gjarnan litið til reksturs stofnana á landsbyggðinni. Hætt er við að sparnaður verði ekki alltaf eins mikill og látið er í veðri vaka. Það er t.d. vandséð að um sparnað geti verið að ræða ef halda á uppi óbreyttum rekstri stofnana með þeirri einu breytingu að forstöðumenn þeirra fái starfsheitið »útibússtjóri«. Líklegra er að leitað verði sparnaðar með því að draga úr viðkomandi starfsemi á landsbyggðinni og jafnvel leggja hana að einhverju leyti niður.



Freyr Ófeigsson

Að því er dómstólana varðar, en þar þekki ég best til, er rekstrarkostnaður nánast eingöngu laun og húsnæðiskostnaður, eða yfir 90%, en annar kostnaður er m.a. kostnaður af rekstri Dómstólaráðs, sem í upphafi var aðallega ætlað að taka yfir verkefni ráðuneyta.

Í frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 2010 er gert ráð fyrir talsverðri lækkun fjárframlaga til dómstóla. Til að mæta lækkuninni segir í frumvarpinu að fækka eigi héraðsdómstólunum úr átta í einn. Með því sé stefnt að því að vinnuálag verði jafnara en nú er og dómskerfið því betur í stakk búið til þess að taka við síauknum málafjölda. Þá segir að með breytingunni fækki bakvöktum og dómstjórum. Einnig segir að með fækkun dómþingháa lækki ferðakostnaður. Varðandi fyrra atriðið vil ég benda á að jöfnun álags á dómara er auðvelt að framkvæma með öðrum hætti en sameiningu allra dómstólanna, t.d. með því að senda mál á milli dómstóla. Varðandi síðara atriðið vil ég benda á að launamunur dómara og dómstjóra á landsbyggðinni er mjög lítil og að gera má ráð fyrir að laun »útibússtjóra« verði einnig eitthvað hærra en dómara. Sparnaður af þessu verður því óverulegur. Fallast má á að með fækkun dómþingháa megi lækka ferðakostnað. Sömu leiðis mun niðurfelling bakvakta leiða til nokkurs sparnaðar. Bæði þessi atriði eru óháð fjölda dómstólanna og auðvelt að framkvæma í óbreyttu kerfi ef vilji er til þess. Rétt er að geta þess að bakvaktir dómara hafa verið taldar nauðsynlegar til að auðvelda útköll þeirra utan vinnutíma til að kveða upp nauðsynlega úrskurði í sambandi við rannsókn sakamála (gæsiuvarðhaldsúrskurði, húisleitarúrskurði o.fl.).

Með lögum um aðskilnað dómsvalds og umboðsvalds í héraði, sem tóku gildi 1. júlí 1992, voru stofnaðir 8 dómstólar, sem hver um sig hefur lögsögu á nánar tilgreindu svæði. Gildir sú skipting í meginráttum enn í dag. Þetta fyrirkomulag hefur gefist vel í öllum aðalatriðum.

Í greinargerð með frumvarpi til framangreindra laga segir:

»Með tilkomu héraðsdómstólanna má reikna með því að aukinn fjöldi dómsmála verði útkljáður utan Reykjavíkur, en nú eru allmörg mál, sem eiga uppruna sinn utan höfuðborgarsvæðisins, dæmd fyrir dómstólum í Reykjavík, með samkomulagi aðila um vamarþing hvað einkamál varðar, en samkvæmt ákvörðun ríkissaksóknara hvað opinber mál varðar. Gera má ráð fyrir að lögmenn muni í auknum mæli finna sér starfsgrundvöll í nágrenni starfandi héraðsdómstóla og að aukin þjónusta á sviði dómgæslu muni styrkja byggðina utan höfuðborgarsvæðisins.«

Þessi ályktun höfunda téðra laga hefur í öllum aðalatriðum reynst rétt og á jafnt við í dag og þegar hún var sett fram. Með tilkomu dómstólanna tók þjónusta við landsbyggðina á þessu sviði miklum framförum, bæði með markvissari þjónustu dómstólanna og stóru auknum fjölda lögmanna, sem hafa séð sér hag í að starfa í námunda við dómstólana.

Eins og að framan er rakið verður ekki sparað í rekstri dómstólanna nema með því að fækka starfslíði og draga úr húsnæðiskostnaði. Augljóst er að ætlunin er að beina aðgerðum af þessu tagi að

landsbyggðinni. Samkvæmt fyrirhuguðu frumvarpi um breytingu á dómstólalögum er ákvörðunarvald um þessi atriði færð í hendur Dómstólaráðs, sem auk þess eru færð enn ný verkefni og nú frá dómstólunum, m.a. að annast ráðningar alls annars starfsfólks við dómstólinn en skipun dómara. Hingað til hefur dómstjórum verið treyst til þessa verks. Að mínu mati er það ofrausn að halda uppi Dómstólaráði til að annast öll hefðbundin stjórnunarstörf við einn dómstól, þrátt fyrir að gert er ráð fyrir að dómstjóri og varadómstjóri starfi við dómstólinn. Líklegt er að Dómstólaráð muni stefna að því að færa dómara frá landsbyggðinni til Reykjavíkur, sem síðan verði sendir út á landsbyggðina eftir þörfum til að annast mál þar. Ferðakostnaður dómara mun því til framtíðar lítið stórukast.

Það er skoðun mín að verði téð frumvarp að lögum muni það leiða til minnkandi starfsemi dómstóla á landsbyggðinni. Úrlausn mála muni færast til Reykjavíkur með samningum málsaðila eða ákvörðun ríkissaksóknara. Þar með verður ekki lengur hagkvæmt fyrir lögmenn að setjast að á landsbyggðinni. Allt mun þetta leiða til lakari lögfræðisþjónustu á landsbyggðinni, en umfram allt mun það leiða til aukins kostnaðar fyrir íbúana. Hér er því stigið skref til veikingar byggða utan höfuðborgarsvæðisins.

>> Með því að draga úr starfsemi héraðsdómstólanna á landsbyggðinni velkjast byggðimar.



11/11/09

# Mun bitna á landsbyggðinni


11/11/09



Lög Dómsáttáki á Akureyri.

FÉLAG lögfræðinga á Norður- og Austurlandi, mótnælir í ályktun sinni eindregið hugmyndum stjórnvalda um sameiningu og niðurlagningu ýmissa embætti á landsbyggðinni. Tillögurnar snúa að héraðsdómstólum, sýslumönnum og skattstjórum.

„Við teljum að þetta leiði til lakari þjónustu fyrir fólk á landsbyggðinni. Fólk mun þurfa að leita suður til Reykjavíkur í æ ríkara mæli til að fá lausn sinna mála,“ segir Sigmundur



Guðmundsson héraðsdómálögmaður á Austurlandi.

Í ályktun aðalfundar Félags lögfræðinga á Norður- og Austurlandi, sem haldinn var nýlega á Egilsstöðum, var áréttað, „að nái tillaga um sameiningu héraðsdómstóla fram að ganga, er fyrirásanlegt að mjög muni fjara undan þeim lögmannsstofum sem nú starfa á landsbyggðinni.“

Sigmundur hefur líka efasemdir um að sameiningunni fylgi sá sparnaður sem látinn hefur verið í veðri vaka.

„Ég held að það þyrfti frekar að efla þær stofnanir sem eru úti á landi, frekar en að vængstífa þær.“

Alþingi  
Erindi nr. D 138/418  
komudagur 3.12.2009

Nefndarsvið Alþingis  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á  
dómstólalögum, 100 mál.

Undirrituðum hefur borist til umsagnar frumvarp til laga um breytingu á dómstólalögum  
nr. 15/1998.

Frumvarp það sem hér er til umsagnar var samið í framhaldi af bréfi sem dómstólaráð ritaði dómsmálaráðherra 11. febrúar á þessu ári. Í bréfinu kemur fram að ráðið óski eftir því að fram fari endurskoðun á lögum um dómstóla einkum vegna hagræðingarkröfu sem gerð var til dómstólanna í lok árs 2008. Í bréfinu eru síðan reifaðar hugmyndir um sameiningu dómstólanna í einn eða þá að þeim yrði fækkað í sjö með sameiningu dómstólanna á Norðurlandi. Í nefndu bréfi er síðan fullyrt að með sameiningu dómstólanna á Norðurlandi náist fram verulegur sparnaður og þá kemur þar einnig fram að ná megi fram verulegri hagræðingu í rekstri og bent á að stjórnunarþáttur í starfi dómstjóra sé metinn til 2,15 stöðugilda. Þó er látið ósagt að enn er gert ráð fyrir því að dómstjóri hins nýja sameinaða dóms mun verða dómari og aðstoðardómstjóri einnig. Verða þessi störf væntanlega metin meira en eitt stöðugildi. Í bréfi ráðsins er einnig nefnt að unnt sé að hagræða við vinnslu bókhalds (sú vinna mun þegar á veg komin), símsvörun og fækkun á dómþinghám. Allar tillögur ráðsins eiga það sammerkt að ekki er gerð tilraun til að útfæra þær hvað þá að tölur varðandi sparnað séu nefndar.

Í framhaldi af títtnefndu bréfi fól dómsmálaráðherra réttarfarsnefnd að semja frumvarp til breytingar á dómstólalögum og er það hér til umsagnar. Í athugasemdum með frumvarpinu er tekið fram að það eigi þann aðdraganda að dómstólaráð hafi vorið

2009 gert tillögur til ráðherra í tengslum við ráðagerðir um sparnað í rekstri dómstólanna. Í athugasemdunum er tekið fram að með sameiningu myndi kostnaður vegna yfirstjórnar, húsnæðis, tækjabúnaðar og mannahalds minnka. Hins vegar er ekki reynt að sýna með rökum hvað muni í raun sparast með breytingunni. Engar tillögur um hagræðingu bara fullyrt að með sameiningu náist fram hagræðing. Vel má vera að með því að hafa einn héraðsdóm í landinu yrði auðveldara að jafna álagi milli dómara en til að ná því markmiði þarf ekki svo mikla breytingu heldur dugar að rýmka heimild 5. mgr. 15. gr. gildandi laga nr. 15/1998. Í greinargerðinni er ekki gerð tilraun til meta kostnað við breytinguna sem augljóslega fellur til t.d. vegna, breytinga á húsnæði, flutningskostnaðar, svo og vegna biðlauna. Í þessu sambandi er gott að hafa í huga fróðlegt erindi sem haldið var á liðnum vetri á fundi dómsmálaráðherra og forstöðumanna stofnana sem undir ráðuneytið heyra. Í erindinu var fjallað um sameiningu stofnana en niðurstaðan var sú að í raun hafi sameiningar oftast misheppnast einkum vegna þess að áður en til sameiningar kom lá ekki fyrir með skýrum hætti hvaða markmiðum átti að ná með sameiningunni. Tilhneiging væri til að sameina stofnanir (eða fyrirtæki) án þess að gætt væri að hver útkoman sennilegast yrði að sameiningu lokinni og þá vantaði jafnan tímaramma varðandi hvenær skilgreindum áföngum yrði náð. Hér verður ekki séð að af greinargerð með frumvarpinu, eða öðrum gögnum, að nokkur hafi reynt að átta sig á því hver staðan verður að lokinni sameiningu. Ekki hefur verið gerð tilraun til að reikna út sparnað eða vinnuhagræðingu.

Því hefur verið haldið fram að með sameiningu dómstólanna náist fram sparnaður við yfirstjórn og vel má vera að hann gæti orðið einhver en það breytir ekki því að sú vinna sem nú er unnin við yfirstjórn dómstólanna hverfur ekki að fullu þó stöður dómstjóra séu lagðar niður. Í 2. mgr. 5. gr. frumvarpsins segir svo „Auk þess að gegna dómstörfum fer dómstjóri með stjórn héraðsdóms að því er varðar meðferð og rekstur dómsmála og ber ábyrgð á henni. Þar á meðal skiptir hann verkum milli dómara og annarra starfsmanna héraðsdóms, hann getur skipt dómurum í deildir og úthlutar dómurum eða deildum þeirra málum, en heimilt er dómstjóra að fela dómara á starfsstöð þar sem dómstjóri hefur ekki skrifstofu, að vinna þessi verki í umboði hans.“ Hér er því gert ráð fyrir einhverskonar verkstjóra á skrifstofum dómsins út um land. Þessi verk eru í dag unnin af dómstjórum á hverjum stað og lítið virðist sparast með því að fela þau

öðrum dómara sem gerir þá ekki annað á meðan og varla án sérstakrar greiðslu ef hann á síðan að skila fullu starfi sem dómari.

Einn þeirra þátta sem sjálfsagt er ætlunin að lækka kostnað við eru gæsluvaktir dómar út um land. Ekki er mér fyllilega kunnugt um fyrirkomulag gæsluvakta á dómstólum þar sem margir dómarar starfa. Við einmenningsdómstólana hefur verið greitt fyrir vaktir um helgar. Raunar hafa dómarar við þessa dómstóla sinnt vöktum alla vikuna án þess að fá greitt fyrir það sérstaklega. Þrátt fyrir að einn dómstóll verði fyrir landið allt verður ekki hjá því komist að sinna gæsluvöktum út um land. Fyrir það verðu áfram að greiða líkt og verið hefur. Þá má gera ráð fyrir að dómarar sem búa úti á landi vilji sinna gæsluvöktum með sama hætti og þeir dómarar sem búa á höfuðborgarsvæðinu. Í mínum huga er óhugsandi annað en að dómara sem allir vinna við sama dómstólinn sitji allir við sama borð í þessum efnum. Einnig er algerlega útilokað að gera ráð fyrir að dómarar út um land séu tilbúnir að sinna útkalli eingöngu þegar slíks er þörf en vera ekki á vakt. Annaðhvort er vakt eða ekki. Hér er líka rétt að benda á að í nýjum lögum um meðferð sakamála er mælt fyrir um að kröfur um rannsóknaraðgerðir séu teknar fyrir á dómþingi og sá sem kröfuna gerir boðaður til þinghalds, sbr. 104. gr. laga um meðferð sakamála. Erfitt gæti reynst fyrir lögreglu víðs vegar um land að fá slíka úrskurði í hendur með þeim hraða sem nauðsynlegt er ef dómari sem taka á málið fyrir þarf að fara um langan veg. Mikilvægt að hafa í huga að í sumum tilfellum er gert ráð fyrir að sá sem rannsóknarúrskurður beinist að sækja þing. Hingað til hefur verið talið að réttaröryggið sé mikilvægara en hugsanlegur sparnaður við að hafa það ekki.

Verði frumvarpið að lögum er gert ráð fyrir að dómstólaráð skipti landinu í dómþinghár og hefur þar fullt vald. Í þessu sambandi er rétt að velta fyrir sér hversu stórar dómþinghár geta verið. Í raun er ekkert því til fyrirstöðu að landið allt sé ein þinghá og öllum verði skylt að sækja þing í t.d. Reykjavík. Mín trú er samt sú að það þyki óheppilegt og ósanngjarnt að leggja á fólk að sækja þing mörg hundruð kílómetra leið til þess að gæta réttar síns. Ætla má að þinghár verði óbreyttar fyrir austurland og vestfirði. Getur það hugsast að norðurland verði ein þinghá þ.a. fólki frá Hvammstanga, Blönduósi og Sauðárkróki verði gert að sækja þing til Akureyrar. Í þessu sambandi er rétt að benda á að almenningssamgöngur á þessu svæði eru afar stopular og um langan veg að fara t.d. eru 203 km frá Hvammstanga til Akureyrar (197 frá Hvammstanga til Reykjavíkur) Frá

Vík í Mýrdal til Reykjavíkur eru 186 km svo dæmi sé tekið. Ef unnt er að bjóða norðlendingum upp á að fara 200 km til að sækja þing má ætla að hið sama gildi um sunnlendinga og því mætti segja að rétt væri að hafa ekki skrifstofu á Selfossi heldur gætu sunnlendingar sótt þing í Reykjavík og vestlendingar líka.

Ekki er hjá því komist að benda á samfélagsleg áhrif sem fækkun starfsstöðva dómstóla mun augljóslega hafa. Engum getur dulist að opinber störf sem krefjast langskólamenntunar eru mikilvæg fyrir minni staði út um land. Segja má að störf dómara, sýslumanna, lækna, dýralækna, framhaldsskólakennara o.s.frv. geri þorp að bæjum. Í tilfelli dómstólanna er mikilvægt að huga að því að lögmenn eru líklegir til að setja sig niður í námunda við skrifstofur dómstólanna enda eiga þeir þangað mikið að sækja. Með því t.d. að hafa ekki starfsstöð á Sauðárkróki má gera ráð fyrir að mun minni grundvöllur verði fyrir skrifstofur lögmanna á svæðinu. Í dag eru lögmennsstofur á Sauðárkróki og á Blönduósi auk þess sem útibú frá Intrum er rekið á Sauðárkróki. Fari svo að lögmenn sjái sér ekki hag í að starfa langt frá dómstólum skerðist þjónusta við fólkið enn meira. Þá eiga sömu rök við um mikilvægi opinberra starfa fyrir litla staði einnig við um störf lögmanna á svæðinu. Raunar var þetta einn þáttur sem bent var á í frumvarpi til laga um aðskilnað dómsvalds og umboðsvalds í héraði sem varð að lögum nr. 92/1992. Í greinargerð með frumvarpinu segir m.a. svo „Með tilkomu héraðsdómstólanna má reikna með því að aukinn fjöldi dómsmála verði útkljáður utan Reykjavíkur, en nú eru allmörg mál, sem eiga uppruna sinn utan höfuðborgarsvæðisins, dæmd fyrir dómstólum í Reykjavík, með samkomulagi aðilja um varnarþing hvað einkamál varðar, en samkvæmt ákvörðun ríkissaksóknar hvað opinber mál varðar. Gera má ráð fyrir að lögmenn muni í auknum mæli finna sér starfsgrundvöll í nágrenni starfandi héraðsdómstóla og að aukin þjónusta á sviði dómgæslu muni styrkja byggðina utan höfuðborgarsvæðisins.” Nú er spurt hefur þetta eitthvað breyst frá 1992? Í mínum huga er svarið einfalt. Það hefur ekkert breyst og heldur hefur hallað á landsbyggðina ef eitthvað er ekki síst í góðærinu svokallaða.

Ef unnt er án vandræða og raunar með hagræðingu að fjarvinna mál frá Reykjavík má með sömu rökum halda því fram að unnt sé a fjarvinna mál sem eiga heima í Reykjavík frá landsbyggðinni. Því gæti vel verið betra að efla heldur starfsstöðvar út um land og flytja dómara frá höfuðborgarsvæðinu. Fyrir liggur að húsnæði er þar mun

ódyrara og þannig mætti ná niður rekstrarkostnaði og jafnframt efla starfsstöðvamar. Fjarlægðir fyrir þá sem þurfa að sækja til dómstólanna virðast ekki skipta miklu máli í því hagræðingarferli sem af stað er farið og því er þessi kostur alls ekki verri en að flytja þjónustuna frá minni embættunum til þeirra stærri. Hér er rétt að banda á að með einföldum lagabreytingum má nýta mun betur tækni framfarir sem orðið hafi í fjarskiptatækni.

Verði frumvarp þetta að lögum verður ekki annað ráðið en að dómstólaráð fái í sínar hendur vald til að skipa málum er varða héraðsdóm með hverjum þeim hætti sem ráðinu þykir henta hverju sinni. Ráðið getur aflagt starfsstöðvar dómstóla, ákveðið hvernig landinu er skipt í dómþinghár, sett bindandi starfsreglur um samræmda framkvæmd við héraðsdóm, (hvað sem það svo þýðir) ákveðið viðveruskyldu dómara og margt fleira. Í mínum huga er hér verið að framselja dómstólaráði allt of mikið vald.

Sjálfsagt er unnt að spara eitthvað í rekstri dómstólanna en það verður þó ekki gert án þess að launagreiðslur lækki eða þá að greiðslur vegna húsnæðis verði lækkaðar en þessir tveir þættir eru nú um 98% af fjárveitingum dómstólanna. Ég hef sett fram ákveðnar hugmyndir í því sambandi sem ekki verða raktar hér. Hins vegar er rétt að geta þess að margt má með einföldum lagabreytingum gera til að spara tíma þeirra sem að dómsmálum koma. Sem dæmi má nefna að lögregla eyðir miklum tíma og kostnaði við að flytja gæsluvarðhaldsfangar og þá sem ekki mæta fyrir dóm þrátt fyrir boðun. Heimild í lögum til að halda þinghöld í með fjarfundarbúnaði myndi í þessum tilfellum spara tíma fé og fyrirhöfn. Einnig væri hægt að spara mikinn tíma með því að breyta þunglamalegu fyrirkomulagi við meðferð mála fram að aðalmeðferð og þá myndi mikill tími sparast við samningu dóma ef dómurum yrði ekki gert að endurrita stefnur og greinargerðir lögmannna svo fátt eitt sé nefnt.

Í mínum huga er mjög mikilvægt að svo mikil breyting á skipan dómstólanna verði ekki ákveðin án þess að menn sjái fyrir með nokkurri vissu að breytingarnar séu til bóta. Til þess að svo megi verða er fagleg undirbúningsvinna nauðsynleg en hún mun leiða í ljós hvað er skynsamlegt að gera þegar tillit hefur verið tekið til allra þeirra sem þurfa einhverra hluta vegna að leita til dómstóla. Öllum má ljóst vera að mikið álag verður á dómstólunum á næstu misserum og árum, einkum á höfuðborgarsvæðinu, vegna fjölgunar mála tengdum svokölluðu efnahagshruni. Því er brýnasta verkefnið nú að fjölga

dómurum og aðstoðarmönnum auk þess sem ákvæði frumvarpsins um aukið dómsvald aðstoðarmanna er til bóta. Loks er einnig nauðsynlegt, eins og áður er getið, að rýmka heimild laganna um flutning mála milli dómstóla en með slíkri heimild er auðveldara að jafna álag milli dómara. Jafnt álag dómara, án tillits til þess hvar þeir starfa, er bæði sjálfsagt og eðlilegt.

Halldór Halldórsson

dómstjóri Héraðsdóms Norðurlands vestra.



# LANDSSAMBAND LÖGREGLUMANNA

**Alþingi**  
**Erindi nr. P 138/417**  
**komudagur 3.12.2009**

Reykjavík 2. desember 2009.

Allsherjarnefnd Alþingis  
Nefndasvið Alþingis  
Austurstræti 8 – 10  
150 Reykjavík

**Tilvísun yðar:** Þskj. 104 – 100. mál 138. löggjafarþing

**Efni:** Umsögn um frumvarp til laga um breyting á lögum um dómstóla (sameining héraðsdómstóla), nr. 15/1998 með síðari breytingum.

## **Almennt:**

Landssamband lögreglumanna (LL) gerir ekki efnislegar athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Rétt er þó að leggja á það áherslu að í þeim skipulagsbreytingum, sem að er stefnt, með frekari fækkun og stækkun lögregluumdæma, sbr. einnig 83. mál, frumvarp til laga um breyting á lögum um meðferð sakamála nr. 88 12. júní 2008 með síðari breytingum (frestun á stofnun embættis héraðssaksóknara) að rétt hefði verið, að mati LL, að skoða þessi mál öll (þ.e. dómsstóla, ákærvald og löggæslu) heildstætt.

Sennilegast er að færa mætti fyrir því rök að stofnun embættis héraðssaksóknara (þ.m.t. flutningur ákærvalds alfarið frá lögreglustjórum), eða efling embættis Ríkissaksóknara, í ljósi þess sem frá er greint hér að ofan um skipulagsbreytingar í lögreglu auk þeirra skipulagsbreytinga, sem að er stefnt með þessu frumvarpi, gæti falið í sér, heildstætt, ákveðna hagræðingu og sparnað í rekstrarkostnaði dómsmálaráðuneytisins.

F.h. Landssambands lögreglumanna

Snorri Magnússon

Formaður





Alþingi  
Erindi nr. P 138/3/6  
komudagur 27.11.2009

RÍKISLÖGREGLUSTJÓRINN

Reykjavík 26. nóvember 2009

Tilvísun: 2009110117

50.03


Tilvísun yðar: Þskj. 104 — 100. mál.

Nefndasvið Alþingis  
Austurstræti 8-10  
150 REYKJAVÍK

Embætti ríkislögreglustjóra vísar til tölvubréfs nefndarsviðs Alþingis, dags. 12. nóvember sl., þar sem farið er fram á umsögn um frumvarp til laga um dómstóla (sameining héraðsdómstóla), 100. mál.

Ríkislögreglustjóri hefur ekki athugasemdir við frumvarpið.

F.h. RLS

  
Guðmundur Guðjónsson / Thelma Clausen Þórðardóttir

*Alþingi*  
*Erindi nr. Þ 138/378*  
*komudagur 2.12.2009*

## **Ríkissaksóknari**

Nefndasvið Alþingis  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Reykjavík 1. desember 2009.

Allsherjarnefnd Alþingis hefur sent embættinu til umsagnar frumvarp til laga um breyting á lögum um dómstóla (sameining héraðsdómstóla), nr. 15/1998 með síðari breytingum, 100. mál.

Frumvarpið er samið á vegum réttarfræðisnefndar þar sem byggt er á tillögum dómstólaráðs um ráðagerðir sem lúta að sparnaði í rekstri héraðsdómstólanna, einkum með því að sameina þá undir eina yfirstjórn. Í athugasemdum með frumvarpinu er rakið hvernig sú breyting muni leiða til sparnaðar, betri nýtingar tækjabúnaðar og mannahalds. Þar er réttilega að því vikið að við undirbúning frumvarps, sem varð að lögum um dómstóla, voru alvarlega reifaðar hugmyndir, m. a. af stjórn Dómarafélags Íslands, um einn dómstól í héraði en með nokkrum starfsstöðvum. Bent var á að í fjórum af átta héraðsdómstólum yrði aðeins einn dómari og slíkt væri óæskilegt auk þess sem stýra þyrfti álagi á dómstólanna. Á þessum tíma skorti pólitískan vilja fyrir hugmyndinni. Sú reynsla sem nú hefur fengist af starfi dómstólana, sú breyting sem orðið hefur á samgöngum og krafa um hagkvæmni í rekstri mælir eindregið með því að þetta skref verði stigið nú.

Ríkissaksóknari rekur mikinn fjölda mála fyrir héraðsdómstólunum og hefur því góða yfirsýn yfir störf þeirra. Á þeim er augljós munur í þá átt að afgreiðsla gengur mun hægar hjá einstökum dómstólum en öðrum. Þetta virðist ekki vera í neinu samhengi við fjölda mála sem þar eru til meðferðar heldur þvert á móti.


Ríkissaksóknari telur hins vegar óæskilegt að í frumvarpinu segi í 1. gr. að dómstólaráð skuli ákveða hvar héraðsdómur hafi fastar starfsstöðvar og hvernig landinu skuli skipt í þinghár. Eðlilegra væri að um þetta sé kveðið á um í lögum og að fastar starfsstöðvar verði óbreyttar eða þá fækkað þar sem augljós rök mæla með því. Það á við um sameiningu Héraðsdómstóls Norðurlands vestra og Norðurlands eystra annars vegar og hins vegar Héraðsdóms Reykjavíkur og Héraðsdóms Reykjaness. Þar með væru meiri líkur á að sátt næðist um þá breytingu sem nauðsynlegust er þ. e. að sameina dómstólana undir einni yfirstjórn. Slík breyting ein og sér mundi leiða til betri þjónustu, betri nýtingu mannafla og tækjabúnaðar eins og að er stefnt. Þá

myndi breytingin spara tugi milljóna króna í rekstri dómstólanna og munar þar mestu um laun dómstjóra og ónauðsynlegar bakvaktir.

Nái umrædd breyting fram að ganga er nauðsynlegt að breyta og styrkja starfsemi dómstólaráðs svo sem stefnt er að með frumvarpinu.

Sú breyting sem lögð er til í 6. gr. frumvarpsins þess efnis að rýmka heimildir löglærðra aðstoðarmanna dómara þannig að þeir geti í takmörkuðum mæli gegnt dómstörfum í eigin nafni er í raun staðfesting á því fyrirkomulagi sem nú tíðkast við marga héraðsdómstóla auk þess sem útvíkkuð er heimild þeirra til ákveðinna dómara starfa án þess að leysa að efni til úr ágreiningi.

  
Valtýr Sigurðsson



Alþingi  
Erindi nr. P 138/518  
komudagur 9.12.2009

## SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Nefndasvið Alþingis  
við Austurvöll  
150 REYKJAVÍK

Reykjavík 2. desember 2009

0911001SA  
Málalykill: 401

### Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um dómstóla

Vísað er til tölvupósts nefndasviðs Alþingis, vegna allsherjarnefndar, dags. 12. nóvember s.l. þar sem óskað er umsagnar sambandsins um frumvarp til laga um breytingu á lögum um dómstóla (100. mál).

Af greinargerð sem fylgir frumvarpinu má ráða að ekki sé stefnt að sparnaði svo heitið geti með þeim breytingum sem gerð er tillaga um. Þetta var staðfest við fyrstu umræðu um frumvarpið þann 3. nóvember s.l. Efnisatriði sem fram komu við umræðuna benda ennfremur til að frumvarpinu sé einkum ætlað að skapa möguleika til hagræðingar þar á meðal með fækkun starfsstöðva og þingháa. Er ráðgert að það verði dómstólaráð sem taki ákvarðanir um að hvort og þá með hvaða hætti þessir möguleikar verði nýttir.

Af hálfu sambandsins er tekið undir þau sjónarmið sem fram komu við fyrstu umræðu um frumvarpið, að ástæða sé til þess að fara með fyllstu gát þegar breytingar eru gerðar á fyrirkomulagi dómstólanna. Breytingar af þeim toga sem nefndar eru geta m.a. haft áhrif á framboð lögmannsþjónustu, sem áriðandi er, út frá réttaröryggissjónarmiði, að verði veitt með tryggilegum hætti í héraði.

Enda þótt óhjákvæmilegt sé við núverandi aðstæður í ríkisfjármálum að hagræða í opinberum rekstri er mikilvægt að löggjafinn gangi úr skugga um það, áður en hann gefur svo víðtækt svigrúm til breytinga sem frumvarpið ber með sér, að raunveruleg hagræðing muni fylgja ákvörðunum af þessum toga. Áform um fækkun starfsstöðva og þingháa vekja áhyggjur af því hvernig þjónustu verður háttáð í þeim umdæmum sem verða fyrir slíkri breytingu. Lögð er áhersla á að hagræðingaraðgerðir bitni ekki harðar á landsbyggðinni heldur en höfuðborgarsvæðinu og að á landsbyggðinni bjóðist áfram störf fyrir fólk með háskólamenntun.

Virðingarfyllt

SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Karl Björnsson  
framkvæmdastjóri



**SAMTÖK SUNNLENSKRA SVEITARFÉLAGA**

*Alþingi*

*Erindi nr. Þ 138/215*

*komudagur 23.11.2009*

Selfossi, 19. nóvember 2009

0811001SA ÞH

**Nefndasvið Alþingis**  
**Austurstræti 8 - 10**  
**150 Reykjavík**

**Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um dómstóla**

Á fundi stjórnar Samtaka sunnlenskra sveitarfélaga, sem haldinn var 13. nóvember sl., var tekið fyrir erindi frá allsherjarnefnd Alþingis, dags.12. nóvember 2009, þar sem óskað er umsagnar um frumvarp til laga um dómstóla (sameiningu héraðsdómstóla), 100. mál.

Eftirfarandi umsögn var samþykkt:

„Stjórn SASS leggur þunga áherslu á að áfram verði starfandi héraðsdómstóll og dómþinghár á þeim stöðum sem í dag eru á starfsvæði SASS, þ.e.a.s. á Selfossi, Höfn í Hornafirði og í Vestmannaeyjum og leggst eindregið gegn öllum þeim hugmyndum sem verða til þess að þjónusta í hinum dreifðu byggðum skerðist. Stjórn SASS telur að fækkun dómstóla á starfssvæði SASS leiði til þess að réttarvernd almennings verði skert og kostnaður íbúa við að sækja rétt sinn fyrir dómi verði óhóflegur. Enn og aftur sér stjórn SASS sig knúna til að minna á landfræðilega sérstöðu Vestmannaeyja og Hafnar í Hornafirði þar sem í dag eru starfræktir dómstólar og harmar það skilningsleysi sem ríkir gagnvart þessari sérstöðu. Stjórn SASS bendir einnig á að ekkert í frumvarpinu bendir til þess að hagræðing verði af fækkun dómstóla. Þá varar stjórn SASS við því að dómstólaráð skuli eiga að fara með ákvörðunarvald um fjölda dómstóla á landinu og telur hætt við að hagsmunir þess mótist fyrst og fremst af hagsmunum dómara en ekki íbúa hinna dreifðari byggða.

Stjórn SASS harmar einnig vaxandi tilhneigingu ríkisvaldsins til að flytja störf og áhrif úr hinum dreifðari byggðum og þá ekki síst vel launuð störf sem krefjast háksólamenntunar. Á það er minnt að fyrir liggja hugmyndir um niðurlagningu skattstofa, embætta lögreglustjóra, embætta sýslumanna og fl. Þessar fyrirætlanir stríða gegn tveimur leiðarljósum þeirrar byggðaáætlunar sem nú er í gildi sem er annars vegar að stórefla menntun á landsbyggðinni og hins vegar að fjölga opinberum störfum á landsbyggðinni, sbr.

---

**Aðsetur - Address: Símar - Telephone: Myndsendir - Fax: Netfang - E-mail: Kennitala - Id.no.:**  
Austurvegur 56 480 8200 480 8201 sass@sudurland.is 480775-0159  
800 Selfoss  
Iceland




meðfylgjandi byggðaáætlun 2006 – 2009 sem samþykkt var á Alþingi 3. júní 2006.

Stjórn SASS minnir einnig í þessu sambandi á vandaða úttekt fjármálaráðuneytisins frá 2008 sem gefin var út í ritinu „Sameining ríkisstofnana og tengdar breytingar“. Þar kemur skýrt fram að reynsla ríkisins af sameiningu stjórnsýslueininga og fækkun þeirra leiðir gjarnan til kostnaðarauka og aukins flækjustígs. Stjórn SASS telur líkur til að frumvarp til laga um breytingu á lögum um dómstóla sé undir þá sök seld.

Að lokum bendir stjórn SASS á að nýhafin er vinna við sóknaráætlanir í öllum landshlutum, undir forystu forsætisráðuneytisins í samvinnu við heimamenn, þar sem meðal annars er fyrirhugað að fjalla um opinbera þjónustu og uppbyggingu hennar. Eðlilegt hýtur að teljast að beðið verði með róttækar breytingar á stjórnsýslu ríkisins á landsbyggðinni þangað til að sú stefnumótun liggur fyrir.“

Umsögninni er hér með komið á framfæri.

Virðingarfyllst,  
f.h. SASS

  
Þorvarður Hjaltason  
framkvæmdastjóri

## **Þingsályktun um stefnumótandi byggðaáætlun fyrir árin 2006–2009.**

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að vinna að framkvæmd stefnumótandi byggðaáætlunar

fyrir árin 2006–2009. Með byggðaáætluninni verði stefnt að því að bæta búsetuskilyrði

á landsbyggðinni og efla samkeppnishæfni landsins. **Eftirfarandi meginmarkmið verði**

**lögð til grundvallar:**

a. Að landshlutakjarnar verði eflir en jafnframt hugað sérstaklega að leiðum til þess að

treysta búsetu í þeim byggðarlögum sem glímt hafa við viðvarandi fólksfækkun.

b. Að byggðarlög nái að laga sig að örri samfélagsþróun og hröðum breytingum á atvinnuháttum.

c. **Að atvinnulíf, menntun, menning og félagslegt jafnræði verði styrkt á landsbyggðinni.**

Sérstök áhersla verði lögð á gildi menntunar og menningar, aukna nýsköpunar- og

atvinnuþróunarstarfsemi, bætta samgöngur og fjarskipti og styrkingu landshlutakjarnanna

Akureyrar, Ísafjarðar og Miðausturlands og annarra mikilvægra atvinnu- og þjónustumiðstöðva

á landsbyggðinni.

**Á gildistíma byggðaáætlunar skulu stjórnvöld hafa þrjú meginatriði að leiðarljósi:**

a. **Að stórefla menntun á landsbyggðinni.**

b. **Að fjölga opinberum störfum á landsbyggðinni.**

c. Að efla Bygðastofnun og gera henni kleift með framlögum í fjárlögum að sinna mikilvægum

verkefnum á sviði byggðamála.

Helstu aðgerðir sem gripið verði til í því skyni að ná markmiðum áætlunarinnar verði

eftirfarandi:

1. *Bætta samgöngur:* Unnið verði að samgöngubótum og þróun almenningsgangna

á landsbyggðinni samkvæmt samgönguáætlun sem taki mið af mikilvægi þeirra fyrir eflingu

byggðar. Bygðastofnun skal í samvinnu við Vegagerðina leggja mat á slík verkefni.

2. *Efling sveitarstjórnarstigsins*: Hafið verði markvisst samstarf milli ríkis og sveitarfélaga um flutning verkefna frá ríki til sveitarfélaga. Jafnframt verði unnið að sameiningu eða samvinnu sveitarfélaga á heildstæðum atvinnu- og þjónustusvæðum sem taki við slíkri starfsemi.

3. *Bætt fjarskipti*: Unnið verði áfram að því að tryggja fjarskipti og bæta gagnaflutningsmöguleika á landsbyggðinni í samræmi við fjarskiptaáætlun og stuðlað að því að jafnaður verði mismunur á kostnaði við flutningana.

2

4. *Gerð og framkvæmd vaxtarsamninga*: Unnið verði að gerð og framkvæmd svæðisbundinna vaxtarsamninga þar sem opinberir aðilar og einkaaðilar sameinast um aðgerðir til að efla samkeppnishæfni svæða og auka hagvöxt. Árangur af samningunum verði metinn reglulega.

5. *Söfnun og úrvinnsla tölfræðilegra gagna um byggðapróun*: Árið 2006 verði skipulögð markviss söfnun og úrvinnsla tölfræðilegra gagna um byggðapróun svo að reglubundin söfnun og úrvinnsla geti hafist hjá Bygðastofnun í upphafi árs 2007.

6. *Undirbúningur að gerð landshlutaáætlana*: Athugaðar verði niðurstöður verkefnis Norðurslóðaáætlunar Evrópusambandsins um gerð svæðisáætlana á norðlægum slóðum og kannaðir kostir þess að gera landshlutaáætlanir á þeim grunni sem saman mundu ná yfir Ísland allt.

7. *Athugun á stöðu byggðarlaga sem glíma við viðvarandi fólksfækkun*: Gerð verði athugun á stöðu byggðarlaga sem glímt hafa við viðvarandi fólksfækkun. Styrkleikar þeirra og veikleikar verði metnir og greindir möguleikar til eflingar byggðarlaganna.

8. *Styrking atvinnuþróunar*: Stöðkerfi atvinnuþróunar og nýsköpunar á landsbyggðinni verði samhæft og starfið gert markvissara. Nýsköpunarmiðstöðinni á Akureyri og atvinnuþróunarfélögum verði áfram tryggður öruggur starfsgrundvöllur.

9. *Efling rannsókna, tækniþróunar og nýsköpunar*: Árið 2006 verði gerð áætlun um víðtæka eflingu rannsókna, tækniþróunar og nýsköpunar á landsbyggðinni, m.a. á sviði



orkumála, sjávarútvegs, ferðaþjónustu og landbúnaðar. Í áætluninni verði skilgreind

áherslusvið og fyrirkomulag samstarfs mótað. Samstarfið verði rekið sem þróunarverkefni

út gildistíma byggðaáætlunarinnar.

10. *Uppbygging þekkingarsetra/háskólasetra*: Áfram verði unnið að uppbyggingu þekkingarsetra/

háskólasetra á landsbyggðinni.

11. *Efling dreifmenntunar á öllum skólastigum*: Kostir dreifmenntunar, þar sem aðferðum

fjarkennslu og staðbundinnar kennslu er beitt saman, verði nýttir til að veita fjölbreytt

námsframboð á öllum skólastigum með samstarfi skóla. M.a. verði stuðlað að samstarfi

háskóla um fjarkennslu. Skilgreind verði ákveðin marksvið í starfsmenntun á landsbyggðinni

og unnið að eflingu þeirra í samstarfi framhaldsskóla, fyrirtækja og móðurskóla

í starfsmenntun.

12. *Efling símenntunar*: Framboð símenntunar á landsbyggðinni verði aukið í samstarfi símenntunarmiðstöðva

og Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins. Jafnframt verði stuðlað að

samstarfi símenntunarmiðstöðva og framhaldsskóla um starfsmenntun fyrir fullorðna.

13. *Efling menningarstarfsemi*: Áfram verði unnið að gerð menningarsamninga við sveitarfélög.

Stuðlað verði að auknu samstarfi safna á landsbyggðinni innbyrðis og við höfuðsöfn.

Skodaðir verði möguleikar þess að nýta nýja tækni, m.a. stafrænt sjónvarp, við gerð og miðlun menningar- og sjónvarpsefnis af landsbyggðinni. Unnið verði

að eflingu

íþrótta- og æskulýðsstarfs á landsbyggðinni.

14. *Hagnýting upplýsingatækni*: Unnið verði að því að gera afrakstur tilraunaverkefnisins

um rafrænt samfélag aðgengilegan fyrir önnur byggðarlög á landsbyggðinni.

15. *Bætt heilbrigðisþjónusta*: Unnið verði að bættri heilbrigðisþjónustu á landsbyggðinni,

m.a. með flutningi verkefna á sviði heilbrigðismála frá ríki til sveitarfélaga.

Heilbrigðisnet,

sem m.a. tengir saman heilbrigðisstofnanir og gerir fjarlækningar mögulegar, verði

þróað áfram og tekið í fulla notkun.

3

16. *Efling þjónustu við innflytjendur og aukin fjölmennung*: Unnið verði markvisst að gagnkvæmri

samfélagsaðlögun innflytjenda. Kannað verði að frumkvæði heimamanna í

hverjum landshluta hvort kostur sé á að stofna þjónustumiðstöðvar fyrir innflytjendur.

17. *Greining sóknarfæra hefðbundinna atvinnugreina – efling opinberrar þjónustu:*

Gerð

verði úttekt á stöðu landbúnaðar, sjávarútvegs og iðnaðar á landsbyggðinni og greind

helstu sóknarfæri og nýsköpunarmöguleikar þessara hefðbundnu atvinnugreina. Hugað

verði að því hvort efla megi opinbera þjónustu við þessar atvinnugreinar á landsbyggðinni,

t.d. með flutningi tiltekinna verkefna.

18. *Uppbygging ferðaþjónustu:* Unnið verði að öflugri uppbyggingu ferðaþjónustu á landsbyggðinni.

Áhersla verði lögð á sérkenni hvers landshluta og skipulagningu vaxtarsvæða.

Þá verði unnið að því að bæta aðstöðu ferðamanna í þjóðgörðum og tryggja öruggt aðgengi þeirra.

19. *Stuðningur við atvinnurekstur kvenna:* Unnið verði að því að efla þátt kvenna í atvinnurekstri

með ráðgjöf og námskeiðum. Hugað verði að leiðum til þess að gera stoðkerfi atvinnulífsins

aðgengilegra fyrir konur.

20. *Styrking skapandi greina:* Unnið verði að eflingu skapandi greina í samræmi við ályktun

Vísinda- og tækniráðs frá 2. júní 2005 með virkri þátttöku landsbyggðarinnar.

21. *Efling umhverfisstarfs í sveitarfélögum:* Umhverfisstarfsemi sveitarfélaga verði efl

með áherslu á framkvæmd Staðardagskrár 21, einkum í fámennum sveitarfélögum á

landsbyggðinni.

22. *Þátttaka í Norðurslóðaáætlun Evrópusambandsins (NPP):* Ísland verði áfram virkur

þátttakandi í Norðurslóðaáætlun Evrópusambandsins.

23. *Efling Norrænu Atlantsnefndarinnar (NORA):* Ísland vinni áfram að því að útvíkka

starfsemi NORA og beiti sér fyrir því að samstarfslöndin fjármagni starf nefndarinnar.

Iðnaðarráðherra skipi verkefnisstjórn til þess að hafa umsjón með framvindu byggðaáætlunarinnar.

*Samþykkt á Alþingi 3. júní 2006.*

Borgarnesi, 11. desember 2009.

Nefndasvið Alþingis  
Austurstræti 8 – 10  
150 Reykjavík.

**Efni: Frumvarp til laga um breytingu á lögum um dómstóla.**

Vísað er til tölvupósts nefndasviðs Alþingis, vegna allsherjarnefndar, dags. 12. nóvember sl. Þar sem óskað er umsagnar SSV um frumvarp til laga um breytingu á lögum um dómstóla (100.mál)


Stjórn Samtaka sveitarfélaga á Vesturlandi tekur undir þau sjónarmið sem fram koma í umsögn Sambands íslenskra sveitarfélaga og þeim áhyggjum sem þar koma fram varðandi umfang og hraða á þeim breytingum sem lagaðar eru til.

Stjórn SSV telur fjölda starfsstöðva og dómsþinghá mikilvægt atriði. Einstaklingar og lögaðilar eiga að standa jafnt gagnvart dómsvaldi hvar á landinu sem þeir búa. Mikilvægt er að dómstólar séu staðsettir þar sem gott aðgengi er að samgöngulega séð. Héraðsdómar hafa mikla staðþekkingu og skapa störf fyrir háskólamenntað fólk á landsbyggðinni. Með aukinni fjarlægð minnkar þjónustan, samskiptamáti verður stíðari í stærri einingum og störf virðast hverfa frá landsbyggðinni til höfuðborgarsvæðisins.

Stjórn SSV bendir á stefnumörkun stjórnvalda, sem er í undirbúningi, þ.e. Sóknaráætlun 20/20. Kynntar hafa verið svæðaskiptingar sóknaráætlana landshluta, alls sjö svæði, og er Vesturland þar tilgreint sem eitt landssvæði.

Sé vitnað í umsögn Sambands íslenskra sveitarfélaga, „má ráða að ekki sé stefnt að sparnaði svo heitið geti með þeim breytingum sem gerð er tillaga um. Þetta var staðfest við fyrstu umræðu um frumvarpið þann 3. nóv. sl.“ o.s.frv.

Virðingarfyllt  
f.h. stjórnar SSV

  
Hrefna B. Jónsdóttir, framkvæmdastjóri.



# Sýslumannafélag Íslands

Ránarbraut 1, 870 Vík, s-4884300

Alþingi

Erindi nr. P 138/433

komudagur 4.12.2009

Alþingi – nefndasvið  
Ailsherjarnefnd  
Alþingishúsinu við Austurvöll  
150 Reykjavík

**Varðar: Frumvarp til laga um breyting á lögum um dómstóla, nr. 15/1998, með síðari breytingum**

Óskað var umsagnar Sýslumannafélags Íslands vegna ofangreinds frumvarps. Sýslumannafélagið gerir ekki athugasemdir við frumvarpið að öðru leyti en því að skv. 2. mgr. 2. gr. skal dómstólaráð eitt ákveða hvar héraðsdómur hefur fastar starfstöðvar og hvernig landinu verður skipt í þinghár. Með þessu er verið að færa dómstólaráði mikið ákvörðunarvald, sem hefur áhrif á rekstur bæði embætta sýslumanna og lögreglustjóra, sem og rekstur lögmansstofa. Það væri því athugandi að dómstólaráð tæki þessa ákvörðun í samráði við hagsmunaaðila.

Vík 3. desember 2009

Anna Birna Þráinsdóttir

formaður